

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Búslóðaflutningar




**Hanna íslenska smokka**
*Friðgerður Guðmundsdóttir og Kristín Birna Bjarnadóttir hanna smokka sem minjagripi fyrir ferðamenn.*
fólk 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
15. maí 2012
113. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Fertug friðarhreyfing**
*Samtök hernaðarandstæðinga halda upp á 40 ára afmæli á morgun.*
tímamót 18

**Dómur landsdóms**
*Mikilvægt er að greina forsendurnar fræðilega, skrifar Róbert Spanó.*
umræðan 13



**Enginn Eiður Smári**
*Lars Lagerbäck valdi landsliðshóp Íslands í gær. Tveir nýliðar eru í hópnum.*
sport 26

**veðrið í dag**




**BJART V-TIL** Í dag verður áfram hvöss suðaustan- og austanátt en lægir heldur með deginum. Fremur hægur vindur vestantil og nokkuð bjart en él norðantil. Allt að 6 stiga hiti sunnanlands en vægt frost fyrir norðan.
veður 4

# Hugmyndum um nýjan skatt á lífeyrissjóði vex fylgi

**Lífeyrissjóðirnir hafna hugmyndum um niðurfellingu lána sem tryggð eru með lánsveði. Segja það ólöglegt og bjóða upp á að ÍLS taki þau yfir. Raddir um að sækja fé í lífeyrissjóðina með skatti verða æ háværari.**

**EFNAHAGSMÁL** Landssamtök lífeyrissjóða höfnuðu í gær hugmyndum um að færa niður fasteignalán, sem tryggð eru með lánsveðum hjá ábyrgðarmönnum, að 110 prósentum af fasteignamati. Efnahagsráðherra, fjármálaráðherra, innanríkisráðherra og velferðarráðherra lögðu drög að samkomulagi þar um fyrir fulltrúa sjóðanna á fundi í gær. Fulltrúar Íbúðalánasjóðs sátu fundinn einnig.

„Það eru vonbrigði að lífeyrissjóðirnir telji sig ekki geta tekið þátt í þessu með okkur. Þá hefur farið mikill tími í að bíða eftir afgreiðslu þeirra,“ segir Steingrímur J. Sigfússon efnahagsráðherra.

Arnar Sigurmundsson, stjórnarformaður landssamtakanna, segir að ljóst sé að lífeyrissjóðunum sé ekki heimilt að færa niður innheimtanlegar kröfur. Það hafi lengi legið fyrir og í tengslum við aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna árið 2010 hafi verið fengið lögfræðiálit sem staðfesti þetta.

„Heimildir okkar lífeyrissjóðanna til að fella niður innheimtanlegar skuldir eru bara ekki til staðar, það er alveg skýrt,“ segir Arnar og bendir á að stærstur hluti þessara lána, sem eru 2.400 talsins, sé í góðum skilum.

Steingrímur segir hins vegar að ekki sé verið að fara fram á að farið verði á svig við lög. Þegar upp sé staðið græði allir á skynsamlegri úrlausn og slíkar aðgerðir gætu bætt eignasafn lífeyrissjóðanna.

> Menn mega ekki alveg missa sjónar á því og setja niður hælana bara út af einhverri þröngri túlkun á lagabókstafnum.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> RÁÐHERRA EFNAHAGSMÁLA

„Við erum jú öll saman í þessu og lífeyrissjóðirnir líka, að koma heimilunum í gegnum þessa erfiðleika. Menn mega ekki alveg missa sjónar á því og setja niður hælana bara út af einhverri þröngri túlkun á lagabókstafnum.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að vaxandi kurr sé í garð lífeyrissjóðanna innan stjórnarflokkanna. Þykir mörgum að þeir hafi ekki sýnt nægilegan vilja til að koma til móts við skuldara með lánsveð. Raddir um að leiðir til að skattleggja lífeyrissjóðina til að ná þessum greiðslum inn og koma svo til móts við skuldarana verða æ háværari. Steingrímur vildi þó ekki staðfesta þetta.

„Ég ætla ekki að fara út í það, en við þekkjum nú glímuna við þátttöku lífeyrissjóðanna í ýmsum öðrum aðgerðum.“

Lífeyrissjóðirnir hafa lagt til þá lausn að þeir selji Íbúðalánasjóði umrædd lán og fengju í staðinn ríkisskuldabréf eða ígildi þeirra. „Með slíkum viðskiptum væri aðkomu lífeyrissjóðanna lokið,“ segir Arnar.
- kóp



**HALDIÐ Á HAF ÚT** Þó viðrað hafi heldur kuldalega á landsmenn í gær gerði Dagur Freyr Hafliðason sig kláran í að sigla af stað úr Reykjavíkurhöfn með afa sínum í gærkvöld til að veiða á sjóstöng. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Koss hrafnsins í New York:

## Þorvaldur sýnir fyrstu óperuna

**FÓLK** Óperan Raven´s Kiss verður frumsýnd í American Scandinavian Society í New York í kvöld en höfundar hennar eru Þorvaldur Davíð Kristjánsson og tónsmiðurinn Evan Fein. Söguþráður óperunnar á rætur sínar að rekja til Vestfjarða en þangað fóru Þorvaldur og Fein í ógleymanlega ferð árið 2009.



ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON

„Ferlið hefur verið einkar ánægjulegt en þetta er í fyrsta skipti sem ég tek þátt í að skrifa leikgerð. Samvinnan er búin að vera skemmtileg,“ segir Þorvaldur.

Brjálað veður og dularfullt landslag heillaði Fein en félagarnir kynntust í Juilliard-skólanum í New York.
- áp / sjá síðu 30

Félag Róberts Guðfinnssonar ætlar að fjárfesta fyrir 1.200 milljónir á Siglufirði:

## Byggja hótel fyrir 900 milljónir

**FERÐAÞJÓNUSTA** Rauðka ehf., Félag Róberts Guðfinnssonar, mun leggja 300 milljónir króna í skíðaskála á skíðasvæði Siglfirðinga og fleiri framkvæmdir, en félagið hefur þegar lagt 600 milljónir í uppbyggingu í bænum. Með samkomulagi við Fjallabyggð fær Rauðka lóð undir 900 milljóna króna hótel.

„Samkomulagið felur í sér atriði sem við teljum vera mikilvæg til þess að byggja grundvöll fyrir hótel. Það tengist ýmsum umhverfismálum og skíðasvæðinu og golfvellinum,“ segir Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnisstjóri hjá Rauðku og tengdasonur Róberts.

Stefnt er að því að opna hótel með 64 herbergjum eftir þrjú ár, en frumhönnun hótelsins er lokið. Rauðka rekur nú þegar gallerí og tvo veitingastaði á Siglufirði. Markmiðið með frekari uppbyggingu er að skapa byggðarlaginu sérstöðu og gera það eftirsóknarvert fyrir ferðamenn.
- gar, bj / sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



*Vignir, er framtíðin að teikna sig upp hjá þér?*

„Maður á ekki að vera hræddur við að prófa eitthvað nýtt. Þetta er hæfileiki sem kom mér sjálfum á óvart."

Vignir Þór Þórhallsson er tvítugur teiknari sem smám saman hefur slegið í gegn með myndasögum á Facebook. Vignir byrjaði að teikna þegar honum leiddist í grunnskóla.

Utanríkisráðherra ræddi makríldeiluna á fundi EES-ráðsins í gær:

# Gagnrýndi fyrirhugaðar aðgerðir ESB

**SJÁVARÚTVEGUR** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gagnrýndi harkalega hugmyndir sem eru til umræðu innan ESB um refsiaðgerðir gegn Íslandi vegna makríldeilunnar, á fundi EES-ráðsins í gær. Þar voru fulltrúar EFTA-ríkjanna og Danir fyrir hönd ESB.

„Ég gagnrýndi ályktun sjávarútvegsnefndar Evrópuþingsins og þau drög sem af hálfu þess liggja fyrir um mögulegar aðgerðir sem kann að verða gripið til gegn Íslandi og Færeyjum," sagði Össur. Hann sagðist þó hafa tekið skýrt fram að vilji Íslendinga væri að ná niðurstöðu um málið til að koma í veg fyrir ofveiði úr stofninum.

> Ég sagðist ekki trúa að svo yrði fyrr en höndin væri lögð í sárið.
>
> ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA

Össur segist hafa sagt sumar þær aðgerðir sem lagðar eru til ganga gegn reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, innri markaðarins, sem Íslendingar eru aðilar að, og sérstaklega bókun níu í EES-samningnum.

„Ég sagði það lítinn álitsauka fyrir EES á 20 ára afmælisári samningsins, ef ESB ætlaði að beita ólögmætum aðgerðum í deilunni um makrílveiðar. Ég sagðist ekki trúa að svo yrði fyrr en höndin væri lögð í sárið."

Össur sagði að honum hafi skilist af ræðu Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, á fundinum að Støre teldi að aðgerðir yrðu að vera í samræmi við EES samninginn og það væri ánægjuefni. - þj

Skólastjórar ráðnir í borginni:

# Foreldrar komi að ráðningum

**MENNTAMÁL** Tekið verður upp samráð við foreldra þegar skólastjórar eru ráðnir, nái tillaga sjálfstæðismanna í borgarstjórn fram að ganga. Hún var lögð fram á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs en afgreiðslu frestað.

Lagt er til að stjórnir foreldrafélaga fái að kynna sér gögn um umsækjendur og hitta þá. Verði því við komið geti stjórnir efnt til funda fyrir foreldra og í framhaldinu skilað til skóla- og frístundaráðs áliti á því hver hæfasti umsækjandinn sé. - þeb

Fjöldi morða og morðtilrauna:

# Morðinginn í Malmö neitar

**SVÍÞJÓÐ Réttarhöld hófust í gær yfir Peter Mangs, manninum sem er talinn hafa borið ábyrgð á fjölda skotárása í Malmö í Svíþjóð.**



PETER MANGS

**Mangs er ákærður fyrir að hafa drepið tvo karlmenn af erlendum uppruna árið 2003 og sænska konu sem var í bíl með manni af erlendum uppruna árið 2009. Þá hefur hann verið ákærður fyrir tólf morðtilraunir til viðbótar.**

**Mangs viðurkenndi að hafa framið skemmdarverk með því að skjóta á tvö götuskilti. Að öðru leyti neitaði hann sök. Lögfræðingur hans sagði fyrir dómi í gær að hann væri ekki kynþáttahatari, en árásirnar hafa verið tengdar kynþáttafordómum.** - þeb

Grikklandsforseti með tillögu:

# Stingur upp á utanþingsstjórn

**GRIKKLAND, AP** Karolos Papúlias, forseti Grikklands, lagði til í gær að skipuð yrði utanþingsstjórn, til að binda enda á stjórnarkreppu sem hefur ríkt síðustu tíu daga eftir þingkosningar.

Forsetinn hitti forsvarsmenn þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna í gær og áformar að hitta fulltrúa frá öllum flokkum, nema öfgaflokknum Gylltri dögun, til að finna lausn á málinu og komast hjá því að boða þurfi nýjar kosningar í næsta mánuði.

Gyllt dögun fékk um sjö prósent atkvæða í kosningunum, en samkvæmt skoðanakönnunum hefur flokkurinn misst helming fylgis síns síðan. - gb / þj



**SAMSTARF** Þingmenn Hreyfingarinnar, Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir og Þór Saari, vilja verja ríkisstjórnina vantrausti verði gengið að kröfum Hreyfingarinnar í ákveðnum málaflokkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Almenn niðurfærsla forsenda stuðnings

**Ríkisstjórnin og Hreyfingin reyna nú að ná samkomulagi um að þingmenn Hreyfingarinnar verji ríkisstjórnina vantrausti. Hreyfingin krefst lýðræðisúrbóta og aðgerða í skuldamálum heimilanna. Vilja niðurstöðu fyrir vikulokin.**

**STJÓRNMÁL** Samþykki ríkisstjórnin að fara í almennar skuldaniðurfellingar og beita sér í öðrum málum sem þingmenn Hreyfingarinnar vilja að nái fram að ganga mun þingflokkur Hreyfingarinnar verja stjórnina vantrausti.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar funduðu með þingmönnum Hreyfingarinnar á sunnudag. Hugmyndir hafa verið uppi frá því milli jóla og nýárs að gera samkomulag þessa efnis, segir Þór Saari, formaður þinghóps Hreyfingarinnar.

Hann segir að unnið sé að því að ná samkomulagi, en þingmenn Hreyfingarinnar vilja að reynt verði til þrautar fyrir vikulokin.

„Þeir eru með eins manns meirihluta, sem þýðir í raun að allir stjórnarþingmenn hafa neitunarvald í öllum málum, og það er greinilegt að þeir eru að beita því óspart," segir Þór. Hann segir að þó stjórnin sé ekki minnihlutastjórn geti hún staðist þrýsting einstakra þingmanna betur sé hún varin vantrausti af þremur þingmönnum Hreyfingarinnar.

Hreyfingin hefur sett fram ákveðnar kröfur til að það verði að veruleika. Þór segir þær kröfur snúast annars vegar um víðtækar lýðræðisumbætur, til dæmis þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá og persónukjör í kosningum.

Hins vegar segir hann að þingmenn Hreyfingarinnar vilji að tekið verði á skuldamálum heimilanna og verðtryggingunni.

„Ríkisstjórnin hefur verið að reyna að laga það svöðusár með smáplástrum," segir Þór. Hann segir ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu ekki að virka. Fólk sem tekið hafi fasteignalán hafi orðið fyrir forsendubresti vegna brasks bankamanna.

Þór segir það kröfu þingmanna að höfuðstóll skulda heimilanna verði færður niður umtalsvert, og verðtryggingin felld niður.

„Okkur finnst ekki góður bragur á því að ríkisstjórn sem var kosin í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar skuli ekki sinna þeim helstu málum sem hún var kosin út á, og voru helstu ástæður búsáhaldabyltingarinnar," segir Þór.

„Við teljum að sú ríkisstjórn hafi kannski ekkert með það að gera að sitja allt kjörtímabilið ef hún ætlar ekki að sinna þeim málum, þá á að gefa almenningi kost á að segja sína skoðun á því í kosningum."

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við vinnslu fréttarinnar í gær. brjann@frettabladid.is

Lögreglan lýsir eftir manni:

# Stingur af án þess að borga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Hvolsvelli lýsir eftir manni sem hefur stungið af frá hótelum í umdæminu án þess að borga fyrir gistingu. Reikningarnir nema allt að 40 þúsund krónum.

„Hann er búinn að svíkja á mörgum stöðum og stundum hefur reikningurinn verið umtalsverður," segir varðstjóri lögreglunnar. „Við vitum hver þetta er og höfum lýst eftir bílnum."

Maðurinn, sem er af erlendu bergi brotinn, keyrir um á bílaleigubíl, dökkgráum Chevrolet Alegro. - sv



**DORGVEIÐIMAÐUR** Það er víða hægt að ná sér í soðið.

Möguleikar í Reykjavíkurhöfn:

# Almenningur fái dorgaðstöðu

**SKIPULAGSMÁL Stjórn Faxaflóahafna hefur samþykkt tillögu formannsins Hjálmars Sveinssonar um að láta kanna möguleika þess að koma fyrir dorgaðstöðu fyrir almenning í tengslum við uppsátur fyrir smábáta við Eyjarslóð.**

**„Aðstaða sem þessi er í senn tækifæri til þess að veita almenningi bætt aðgengi að sjó við gömlu höfnina og endurvekja með bættri aðstöðu þá gömlu iðju barna og fullorðinna að renna fyrir fisk. Mikilvægt er að öryggis við aðstöðu sem þessa sé gætt eins og kostur er," segir í greinargerð með tillögunni.** - gar




Reykjavíkurborg veltir fyrir sér að útvíkka starfsemi veitingastaðar í Ráðhúsinu:

# Útiveitingastaður á flotbryggju

**REYKJAVÍKURBORG** Arkitekt Ráðhúss Reykjavíkur hefur spurst fyrir um það hjá byggingarfulltrúa borgarinnar hvort koma megi fyrir flotbryggju í Tjörninni framan við Ráðhússkaffi.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, segir málið enn á algjöru frumstigi. „Hugmyndin tengist hins vegar veitingarekstrinum í Ráðhúsinu og því að hægt verði að sitja úti á góðviðrisdögum," segir Bjarni.

Í fyrirspurn Steve Christers arkitekts til byggingafulltrúa kemur fram að hugmyndin sé að flotbryggjan verði þrjátíu fermetrar. Bryggjan verði með handrið og súlur hvíli á tjarnarbotninum til að tryggja stöðugleika. - gar



**GÓÐVIÐRISPALLUR VIÐ RÁÐHÚSIÐ** Hér sést hvar flotbryggjan á að vera við suðausturhorn Ráðhússins. SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

SHIFT_ the way you move

NISSAN

# JEPPAR






## NISSAN PATHFINDER

2,5 dísil sjálfskiptur, 7 manna, 190 hestöfl, 4x4 hátt og lágt drif. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 9L/100 km.

**8.990 þús. kr.**

## NISSAN X-TRAIL

2,0 dísil sjálfskiptur, 5 manna, 150 hestöfl, Nissan All Mode 4x4 með LOCK driflásstillingu - Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,1L/100 km.

**6.490 þús. kr.**

**www.nissan.is**

ENNEMM / SÍA / NM52263

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## GENGIÐ 14.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,24 | 126,84 |
| Sterlingspund | 202,88 | 203,86 |
| Evra | 162,47 | 163,37 |
| Dönsk króna | 21,854 | 21,982 |
| Norsk króna | 21,353 | 21,479 |
| Sænsk króna | 18,014 | 18,12 |
| Japanskt jen | 1,578 | 1,5872 |
| SDR | 193,57 | 194,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,3802

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný skýrsla sýnir að sjö mánaða loftárásir NATO á Líbíu kostuðu að minnsta kosti 72 almenna borgara lífið:

# Tugir barna féllu í loftárásum á Líbíu

**LÍBÍA** Eftir ítarlegar rannsóknir á vettvangi og viðtöl við fjölda fólks hafa mannréttindasamtökin Human Rights Watch komist að þeirri niðurstöðu að loftárásir NATO á íbúðarhús á átta stöðum í Líbíu á síðasta ári kostuðu að minnsta kosti 72 almenna borgara lífið. Þar af eru 28 karlar, 20 konur og 24 börn innan 18 ára aldurs.

Alls var meira en 7.700 sprengjum varpað á Líbíu þessa sjö mánuði sem loftárásirnar stóðu. NATO hefur frá upphafi sagt að aðeins hafi verið ráðist á skotmörk sem hafi haft hernaðarlega þýðingu.

„NATO gerði allt til að draga úr hættunni fyrir almenna borgara, en í flóknum hernaði getur sú hætta aldrei verið engin,“ segir Oana Lungescu, talskona NATO. „Við hörmum innilega öll dauðsföll almennra borgara sem NATO gæti hafa borið ábyrgð á.“

Human Rights Watch segist hins vegar ekki hafa fundið neinar vísbendingar um að árásir á tvo af þessum átta stöðum hafi haft raunverulega hernaðarlega þýðingu.

Í skýrslunni segir að á fimm staðanna hafi fundist veikar vísbendingar um að hugsanlega hafi



**ÚTFÖR Í MAJER** Þann 9. ágúst var fjöldi manns borinn til grafar í bænum Majer, daginn eftir að sprengjur féllu þar á hús tveggja fjölskyldna. NORDICPHOTOS/AFP

skotmörkin haft einhverja hernaðarlega þýðingu, og á einum stað er hugsanlegt að háttsettur herforingi í liði Gaddafís hafi fallið ásamt sjö almennum borgurum.

Samtökin segja NATO ekki hafa birt upplýsingar sem geti staðfest fullyrðingar um að skotmörkin hafi verið lögmæt.

„NATO ber skylda til þess að rannsaka trúverðugar ásakanir um brot á lögum um hernað, veita þeim sem ábyrgð bera hæfilega refsingu og greiða fórnarlömbum ólöglegra árása bætur,“ segir jafnframt í skýrslunni. - gb

Sumarið að ganga í garð:

## Krían komin til Snæfellsbæjar

**DÝRALÍF** Krían er komin í Snæfellsbæ og er fjórum dögum fyrr á ferðinni en í fyrra, að því er fram kemur á Skessuhorni.is. Stór kríuhópur sást í ósnum á Rifi á laugardagskvöld en krían kemur yfirleitt á svæðið á bilinu 9. til 14. maí.



**KRÍA**

Enginn fugl í heiminum ferðast jafn langa leið á milli varp- og vetrarstöðva og krían. - kh

Teknir með eiturlyf í kílóavís:

## Dópsmyglarar áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlar hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 11. júní að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Mennirnir, sem eru pólskir, eru grunaðir um að flutt til landsins um 8,5 kíló af amfetamíni. Þeir voru handteknir um miðjan apríl, sama dag og þeir komu með flugi frá Póllandi. Það var fíkniefnahundurinn Nelson sem kom upp um smyglið á fíkniefnunum.**

### LEIÐRÉTT

Mér urðu á þau leiðu glöp í greininni „Það gefur á bátinn“ sem birtist í Fréttablaðinu í gær að tala um þyrlukaup og Guðmund útgerðarmann í Brimi í sömu andrá. Þar sló saman í hausnum á mér tveimur útgerðarmönnum því að nafni minn í Brimi mun ekki hafa átt í slíkum viðskiptum og bið ég hann hér með afsökunar á þessum ruglingi.

*Guðmundur Andri Thorsson*

# Rauðka fjárfestir fyrir 1.200 milljónir á Sigló

**Félag í eigu Róberts Guðfinnsonar og Fjallabyggð hafa samið um uppbygginguna á Siglufirði. Róbert leggur 300 milljónir króna í skíðaskála og fleira og fær lóð undir 900 milljóna króna hótel. Áður hefur félagið fjárfest fyrir 600 milljónir.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Félagið Rauðka ehf., sem er í eigu Róberts Guðfinnssonar athafnamanns, hefur gert víðtækt samkomulag við sveitarfélagið Fjallabyggð um uppbyggingu tengda afþreyingu og ferðamennsku á Siglufirði.

Rauðka er þegar umsvifamikil í ferðaþjónustu á Siglufirði og rekur þar meðal annars Gallerí Rauðku og veitingahúsin Hannes Boy og Kaffi Rauðku. „Samkomulagið felur í sér atriði sem við teljum vera mikilvæg til þess að byggja grundvöll fyrir hótel. Það tengist ýmsum umhverfismálum og skíðasvæðinu og golfvellinum,“ segir Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnisstjóri hjá Rauðku og tengdasonur Róberts.

Markmið samkomulags Rauðku og Fjallabyggðar er sagt vera „að skapa byggðarlaginu sérstöðu og gera það eftirsóknarvert í augum ferðamanna í framtíðinni“.

Kveðið er á um skipulagsbreytingar í miðbænum í nánu samstarfi við Rauðku, úthlutun lóðar til félagsins undir nýtt hótel við smábátahöfnina og uppbyggingu skíðasvæðis og golfvallar bæjarins.

„Það er verið að taka á ýmsum málum sem mönnum finnst nauðsynlegt að kippa í liðinn,“ segir Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, um samkomulagið. Undir séu skipulagsmál, atvinnumál, umhverfismál og útivistarsvæði bæjarins. „Þetta er alveg einstakt.“

Stofna á sjálfseignarstofnunina Leyning ses. sem ætlað




**Á SIGLUFIRÐI** Umsvif Róberts Guðfinnssonar í heimabæ hans hafa verið vaxandi síðustu ár. Meðal annars rekur félag hans þar veitingastaðinn Kaffi Rauðku. MYND/FRIÐRIK

> Það er verið að taka á ýmsum málum sem mönnum finnst nauðsynlegt að kippa í liðinn.
>
> **SIGURÐUR VALUR ÁSBJARNARSON**
> BÆJARSTJÓRI FJALLABYGGÐAR

er að byggja upp skíðasvæðið og golfvöllinn. Sveitarfélagið leggur Leyningi til öll núverandi mannvirki á skíðasvæðinu en Rauðka skuldbindur sig til að borga 300 milljónir króna inn í Leyning. Meðal annars á að reisa skíðaskála á næsta ári.

Rauðka hefur látið frumhanna nýja hótelið og bærinn hefur skuldbundið sig til úthluta félaginu lóð. Opna á nýja hótelið árið 2015. Finnur segir gert ráð fyrir að það taki á bilinu 120 til 130 næturgesti í 64 herbergjum. Áætlað sé að bygging þess kosti um 900 milljónir króna.

Aðspurður segir Finnur Rauðku þegar hafa lagt 600 milljónir í fjárfestingar á Siglufirði. Gangi þær áætlanir eftir sem nefndar eru í samkomulaginu bætast um 1.200 milljónir við á næstu árum svo heildarfjárfesting Rauðku í bænum verður um 1.800 milljónir króna.

gar@frettabladid.is



**RIFNAÐI UPP MEÐ RÓTUM** Stærðarinnar birkitré féll á hliðina í Vesturbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. MYND/JÓN KÁRI ELDON

Trjáfellir í hvassviðrinu:

## Tómlegt eftir fall risatrés

**REYKJAVÍK Stóreflis birkitré rifnaði upp með rótum á lóð við Reynimel í hvassviðrinu sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið á aðfaranótt mánudags.**

**Jón Kári Eldon, einn íbúa hússins, segir í samtali við Fréttablaðið að trjáfellirinn hafi blasað við um morguninn, en engin hætta hafi verið á ferðum.**

**Tréð hafi nú verið fjarlægt úr garðinum.**

**„Þetta var gamalt tré og stærsta tréð í garðinum þannig að það er hálf tómlegt um að lítast hérna eftir að það er farið,“ segir Jón Kári.** - þj

Kæra gegn Agli Einarssyni:

## Ákvörðun tekin á næstu vikum

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari telur líklegt að ákvörðun verði tekin á næstu vikum um hvort ákæra verði gefin út í máli Egils Einarssonar og unnustu hans, er greint var frá á fréttavef Vísis.

Kona kærði Egil og unnustu hans fyrir nauðgun í lok nóvember á síðasta ári. Lögregla sendi málið til ríkissaksóknara um miðjan janúar, sem sendi það aftur til lögreglu. Önnur stúlka kærði síðan Egil fyrir nauðgun. Málið hefur verið á borði ríkissaksóknara síðan í febrúar. Egill og unnusta hans neita sök. - sv




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**KALDIR DAGAR** en þó hýnandi. Él NA-til í dag og dálítil á morgun. Bjart um V-vert landið í dag en dregur svo fyrir og líkur á skúrum á fimmtudag. Þá birtir til fyrir austan. Hitastigið á leið upp á við, kemst þó hægt fari.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 10° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 19° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 13° |
| París | 11° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar

**Lækkað verð!**
**22. og 29. maí**

## Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar










### Prainha Clube ★★★★

Rúmgóðar, vel útbúnar og nýtískulegar íbúðir á fallegum stað við fiskimannaþorpið Alvor og Lagos flóann. Allar íbúðir eru með sundlaugarsýn og útsýni yfir svæðið.

**Verð frá 73.600 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð m/1 svefnh. 22. maí, í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í studio: 81.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 83.600 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 91.900 kr. m.v. 2.

### Alfagar I smáhýsi ★★★

Snotur íbúðagisting 5 km austan við Albufeira. Hótelið situr á klettasyllu við Santa Eulália ströndina og frá því er gríðarlega fallegt útsýni yfir strandlengjuna.

**Verð frá 59.900 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn. 22. maí, í viku. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 72.600 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 69.900 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 82.600 kr. m.v. 2.

### São Rafael Suite Hotel CS ★★★★

Glæsilegt hótel í miðju Algarve skammt frá Albufeira og einni bestu strönd Evrópu, São Rafael. Góður kostur fyrir pör og fjölskyldur

**Verð frá 104.700 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi m/2 herb. og morgunverði. 29. maí, í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í í tvíbýli m/morgunverði: 126.700 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 114.700 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 136.700 kr. m.v. 2.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59773 05/12

* Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú í útilegu í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 48,4% |
| NEI | 51,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðaðir þú fisk í síðustu viku?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Hundagæsla rekin á heimili Þingeyrings sem drekkti hundi í Dýrafirði:

# Hlaut 30 daga skilorðsbundinn dóm

**DÓMSMÁL** Þingeyringur sem játaði að hafa drekkt hundi í Dýrafirði í desember hlaut í gær 30 daga skilorðsbundinn dóm og skal greiða 100 þúsund króna sekt. Honum var jafnframt bannað að hafa dýr í umsjá sinni í fimm ár.

Maðurinn játaði að hafa bundið saman fram- og afturfætur hundsins og fest tvö bíldekk við hálsól hans áður en hann henti hundinum í sjóinn þar sem hann drukknaði.

Í dóminum segir að á heimili mannsins hafi á undanförnum misserum verið rekin hundagæsla gegn gjaldi og að hann hafi tekið þátt í þeirri starfsemi.

Í dómi sem féll í Héraðsdómi Vestfjarða í gær segir að sú aðferð sem maðurinn hafi notað til að aflífa dýrið sé í „hrópandi andstöðu" við lög um dýravernd. Brot mannsins var stórfellt í ljósi einbeitts ásetnings hans og þeirrar aðferðar sem hann hafi viðhaft við að aflífa dýrið.

Dómurinn segir skýringar mannsins þess efnis að hann hafi aflífað hundinn vegna þess að hann hafi haft áhyggjur af ungabarni á heimilinu ekki vera honum til málsbóta. **- bj**




**DREKKT** Maður sem dæmdur var fyrir að drekkja hundi batt tvö dekk við hálsól hundsins og henti honum í sjóinn fyrir botni Dýrafjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Árekstur í Hálsahverfinu:

# Tveir fluttir á slysadeild

**LÖGREGLUMÁL Tveir voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur tveggja fólksbíla á mótum Lyngháls og Stuðlaháls í Hálsahverfinu í Reykjavík á tíunda tímanum í gær.**

**Hvorugur mun vera alvarlega slasaður, en slökkviliðið var kallað á vettvang til að hreinsa upp olíu og annan vökva, sem lak úr bílflökunum.**

**Bílarnir voru mikið skemmdir og þurfti að draga þá burt. Þá þurfti að loka gatnamótunum um tíma vegna slyssins.**







## Aðalfundur Bakkavör Group ehf.

**Aðalfundur Bakkavör Group ehf. verður haldinn miðvikudaginn 23. maí nk. kl. 10:30 á Hótel Sögu, Hagatorgi, 107 Reykjavík.**

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt áritun endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar félagsins samkvæmt 17. gr. samþykkta félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Kynning á fyrirhugaðri breytingu á skipan samstæðunnar.
9. Tillaga um eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins.
   a. Heimilisfangi félagsins skv. 1. gr. verði breytt í 3 Sheldon Square, 5th Floor, Paddington, London W2 6HY, Bretlandi.
   b. Breyting á (g) lið 10. gr. sem heimilar stjórn félagsins að semja um að flýta breytingu á breytanlegu láni félagsins.
10. Tillaga um lækkun A hluta í allt að kr. 500.000 að nafnverði til greiðslu til hluthafa skv. 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með hlutum í Bakkavor Holdings Limited.
11. Tillaga um staðfestingu aðalfundar á fyrirhugaðri breytingu á skipan samstæðunnar.
12. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um framboð til stjórnar skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 9:30 á fundarstað. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hlutaskrá að morgni 21. maí 2012.

### Fundur hluthafa í B flokki

Boðað er til fundar hluthafa í B flokki hlutafjár félagsins sama dag. Fundurinn verður haldinn á Hótel Sögu við Hagatorg og hefst kl. 9:00. Fundarefnið er tilnefning stjórnarmanns hluthafa í B-flokki í stjórn Bakkavör Group ehf. í samræmi við 17. gr. samþykkta félagsins. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hlutaskrá að morgni 21. maí 2012.

Reykjavík 14. maí 2012
Stjórn Bakkavör Group ehf.

BAKKAVÖR


# Forseti gæti tekið völdin af ríkisstjórn

**Forseti gæti virkjað ýmis stjórnarskrárákvæði og tekið völdin af ríkisstjórn í upplausnarástandi vegna þess hversu óskýr stjórnarskráin er. Ákvæði um forsetann í stjórnarskrá rakin til konunga nítjándu aldar, segir Eiríkur Bergmann.**

**STJÓRNSÝSLA** „Vandi núgildandi stjórnarskrár er að í upplausnarástandi gæti forseti hreinlega tekið völdin af ríkisstjórn." Þetta segir Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur í grein í nýjasta hefti Skírnis. Greinin fjallar um breytta stöðu forseta Íslands og frumvarp Stjórnlagaráðs.

Eiríkur segir núgildandi stjórnarskrá svo óskýra að innan marka hennar gæti forseti farið sínu fram og túlkað völd sín með eigin nefi. „Skipist veður svo í lofti í íslensku samfélagi að Alþingi og ríkisstjórn séu trausti rúin er ekki með öllu útilokað að vinsæll forseti geti nýtt sér slíkt ástand og virkjað ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar um valdheimildir sem hingað til hafa aðeins verið taldar formlegar og í raun í höndum ráðherra," segir í grein Eiríks. Dæmi um þetta segir hann meðal annars vera skipun ráðherra, veitingu opinberra embætta, útgáfu bráðabirgðalaga og gerð þjóðréttarsamninga við önnur ríki.



**EIRÍKUR BERGMANN**

„Þessi stjórnarskrárákvæði um forsetann eiga sér rætur í valdamiklum konungi nítjándu aldar og við virka beitingu þeirra, án atbeina ráðherra, væri stjórnskipunin vitaskuld öll komin á slig," segir Eiríkur. Hann segir tilurð forsetaembættisins hafa ráðist af þeim vanda sem við blasti við lýðveldistökuna árið 1944, þegar Íslendingar samþykktu eigin stjórnarskrá, um það hvað ætti að gera við konunginn. Í nafni samstöðu hafi verið ákveðið að gera sem minnstar breytingar á fullveldisstjórnarskránni frá árinu 1920. Hún var að uppistöðu byggð á dönsku stjórnarskránni, sem var nánast óbreytt frá lokum einveldisins um miðja nítjándu öld.

Þar, líkt og í mörgum eldri stjórnarskrám sem urðu til við umskipti frá einveldi til fulltrúalýðræðis, voru konungar sagðir framkvæma ýmsar stjórnarathafnir sem þeir gerðu í raun ekki lengur. „Slíkt leppsorðalag var notað til að raungera breytinguna frá einveldi til lýðræðis á borði án þess þó að segja það beint í orði. Í stað þess að skrifa breytinguna hreint út er sagt að ráðherrar fari með vald þjóðhöfðingjans."

Þaðan segir Eiríkur að sú arfleið komi að forseti sé sagður fara með ýmis völd sem í raun séu í höndum ráðherra. „Stjórnarskráin færir forsetanum þannig ýmis völd sem hún svo kippir til baka í greinum þar sem segir að forseti sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum og að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt." Stjórnarskráin endurspegli því togstreitu nítjándu aldar á milli konungs og lýðræðislegra stjórnvalda. „Núgildandi stjórnarskrá er af þessum sökum óþægilega þvælin um hlutverk forsetans sem sagður er fara með ýmis verk sem hann sannarlega sinnir ekki. Og getur ekki sinnt í þingræðisríki." **thorunn@frettabladid.is**



**ÓLAFUR Á BLAÐAMANNAFUNDI** Í grein sinni í Skírni segir Eiríkur að staðfestingarsynjun Ólafs Ragnars á lögum feli í sér mun virkari þátttöku í stjórnmálum landsins en fyrri forsetar töldu hæfa embættinu. Myndin er frá því að Ólafur Ragnar synjaði lögum um Icesave staðfestingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Palestínumenn taka drægt í tilboð Netanjahús um að hefja friðarviðræður á ný:

# Fangar hætta hungurverkfalli

**PALESTÍNA, AP** Samkomulag tókst í gær milli Ísraela og palestínska fanga, sem hafa verið í hungurverkfalli síðan um miðjan apríl til að mótmæla aðstæðum í ísraelskum fangelsum.

Að minnsta kosti 1.600 fangar hafa verið í hungurverkfalli vikum saman, nokkrir þeirra í allt að 77 daga og var ástand þeirra orðið hættulegt.

Palestínumenn tóku hins vegar dræmt í tilboð Ísraelsstjórnar um að hefja friðarviðræður á ný.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, skrifaði á laugardag bréf til Mahmouds Abbas, forseta Palestínustjórnar, þar sem hann sagði breytingar á ríkisstjórn Ísraels gefa gott tækifæri til að hefja friðarviðræður á ný.

Netanjahú styrkti í síðustu viku stöðu sína á þingi þegar Kadima, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, gekk til liðs við stjórnina.

Palestínumenn segja ekkert tekið á helstu deilumálum þeirra í bréfinu, svo sem útþenslu landtökubyggða eða framtíðarlegu landamæra, en Netanjahú segir að um þau þurfi að semja. **- gb**



**MÓTMÆLI** Palestínsk kona með myndir af föngum í ísraelskum fangelsum. NORDICPHOTOS/AFP




# Ný dögun í íslenskum sjávarútvegi

Heimaey VE1 er af nýrri kynslóð Rolls-Royce hannaðra fiskiskipa, þar sem hámarks aflaverðmæti fást með afkastamikilli kælingu og hagkvæmni í rekstri. Allur aðal vélbúnaður Heimaeyjar er frá Rolls-Royce.

Héðinn hf. og Rolls-Royce Marine óska Ísfélagi Vestmannaeyja og áhöfn skipsins velfarnaðar.

Rolls-Royce

HÉÐINN

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Ársfundur 2012

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þriðjudaginn 15. maí 2012 kl. 16:30, að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

**Dagskrá**

1. Skýrsla rannsóknarnefndar lífeyrissjóða yfirferð Intellecta.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Samþykktir sjóðsins.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 04. 2012

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

# Kauphöllina grunar markaðsmisnotkun

**Kauphöllin hefur vísað tveimur málum til FME vegna gruns um markaðsmisnotkun á þessu ári. Síðara málið kom upp í apríl. Hvorug stofnunin vill upplýsa um umfang eða eðli málanna. Alls hefur Kauphöllin vísað sjö málum til FME í ár.**

**VIÐSKIPTI** Íslenska kauphöllin vísaði einu máli til frekari rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) í aprílmánuði vegna gruns um markaðsmisnotkun. Alls hefur Kauphöllin vísað tveimur slíkum málum til eftirlitsins það sem af er árinu 2012. Hvorki FME né Kauphöllin vilja gefa upp hverjum málin tengjast né hvert umfang þeirra er.

Í yfirliti yfir eftirlitsmál NASDAQ OMX Iceland, betur þekkt sem Kauphöll Íslands, fyrir aprílmánuð kemur fram að einu máli hafi verið vísað til FME í þeim mánuði vegna gruns um markaðsmisnotkun. Þetta er þó fjarri því að vera eina málið sem Kauphöllin hefur vísað til FME það sem af er ári.

Í janúar vísaði hún einu máli til FME vegna þess að ákveðnar upplýsingar voru ekki gerðar opinberar í gegnum tilkynningakerfi Kauphallarinnar áður en þær voru gerðar opinberar á öðrum vettvangi. Auk þess vísaði hún einu máli til eftirlitsins í þeim mánuði vegna gruns um markaðsmisnotkun, einu vegna þess að ekki var tilkynnt með fullnægjandi hætti um innherjaviðskipti og einu máli vegna þess að grunur lék á um innherjasvik. Auk þess vísaði Kauphöllin tveimur málum til FME í febrúar og mars.

Fréttablaðið beindi fyrirspurn til Kauphallarinnar um nýjasta markaðsmisnotkunarmálið. Í svari hennar kemur fram að Kauphöllinni sé „skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um að brotin hafi verið lög, reglugerðir eða aðrar reglur sem gilda um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði eða brotið hafi verið gróflega eða ítrekað gegn reglum Kauphallarinnar. Mál er varða grun um markaðssvik (e. market abuse) falla þarna undir. Til markaðssvika telst markaðsmisnotkun“. Ekki var hægt að fá upplýsingar um hverja málið snertir né um umfang þess.

Í svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að það skoði allar ábendingar frá Kauphöllinni og „afgreiðir þær á viðeigandi hátt. Í einhverjum tilvikum getur niðurstaðan verið sú að aðhafast ekki frekar í málinu, í öðrum tilvikum leggur Fjármálaeftirlitið stjórnvaldssekt á viðkomandi fyrirtæki eða sendir málið áfram til lögreglunnar. Við getum því miður hvorki gefið þér dagsetningu né nánari upplýsingar sem þú ferð fram á“.

Kauphöllin birti yfirlit yfir eftirlitsmál hjá sér á árinu 2011 í byrjun þessa árs. Þar kom fram að átta mál hefðu verið send áfram til FME vegna gruns um brot á reglum um upplýsingagjöf félaga á markaði og tólf mál sem lutu að viðskiptum með verðbréf.

thordur@frettabladid.is

## Hvað er markaðsmisnotkun?

Það sem telst vera markaðsmisnotkun samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, er meðal annars að dreifa röngum orðrómi eða framkvæma sýndarviðskipti. Samkvæmt lögunum þarf ekki að vera ásetningur til staðar til þess að brot flokkist sem markaðsmisnotkun heldur er nóg að brotið hafi átt sér stað. Brotin varða allt að sex ára fangelsi.

Einn dómur hefur fallið eftir hrun vegna markaðsmisnotkunar. Í mars 2011 dæmdi Hæstiréttur tvo fyrrverandi starfsmenn Kaupþings í sex mánaða fangelsi fyrir að setja ítrekað fram kauptilboð í skuldabréf Existu til að hafa áhrif á verð bréfanna. Upphaf þess máls má rekja til þess að Kauphöllin tilkynnti það til FME.

Auk þess voru þeir Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson ákærðir fyrir markaðsmisnotkun í febrúar síðastliðnum. Þeir voru einnig ákærðir fyrir annars konar brot. Fyrirtaka í því máli fer fram 24. maí næstkomandi.



**KAUPHÖLLIN** Alls vísaði Kauphöll Íslands tuttugu málum til Fjármálaeftirlitsins í fyrra. Þau eru þegar orðin sjö það sem af er þessu ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

NÝJAR FRÉTTIR OFT Á DAG

vísir - oft á dag

**Afnám gjaldeyrishafta:**

# BRÝNASTA HAGSMUNAMÁL ÍSLENDINGA

**Opinn fundur SA á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 16. maí kl. 8.30-10.00**



**Frummælendur:**
**Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA.
**Árni Páll Árnason**, alþingismaður.
**Ólöf Nordal**, alþingismaður.
**Friðrik Már Baldursson**, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

**Umræður og fyrirspurnir.**

**Fundarstjóri:** Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Samtök atvinnulífsins telja það brýnasta hagsmunamál Íslendinga að gjaldeyrishöftin verði afnumin sem fyrst þar sem þau valda þjóðinni sífellt meiri skaða.

Samtök atvinnulífsins hafa sett fram áætlun um afnám gjaldeyrishafta fyrir árslok. **Kynntu þér áætlunina á www.sa.is**

**Skráning á www.sa.is** Létt morgunhressing frá kl. 8.00 en fundur hefst kl. 8.30 í sal H&I á 2. hæð.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS




ENNEMM / SÍA / NM52376

## Valur er Íslandsmeistari kvenna í handknattleik 2012

Við óskum kvennaliði Vals í handknattleik til hamingju með frábæran árangur sem færði þeim Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð.

Íslandsbanki er stoltur styrktaraðili Vals.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**FRÉTTASKÝRING:** Húsnæðisbætur

# Styðja búsetu óháð formi

**Nýtt kerfi húsnæðisbóta verður kynnt í dag. Það kemur í stað húsaleigu- og vaxtabóta. Um samtímagreiðslur verður að ræða og verða greiðslurnar óháðar því hvort fólk leigir eða á eigið húsnæði. Starfshópur leggur fram nokkrar útfærslur en ljóst er að kostnaður við bótakerfið mun aukast um milljarða frá því sem nú er.**



HILMAR ÖGMUNDSSON

Vinnuhópur velferðarráðherra kynnir skýrslu sína um húsnæðisbætur í dag. Þar er lagt til að komið verði á fót nýju kerfi húsnæðisbóta og húsaleigubætur og vaxtabætur verði lagðar af.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður kerfið byggt á samtímagreiðslum. Starfshópurinn hefur sett upp nokkur dæmi um mismunandi upphæð bótanna.

### Miðað við fjölda

Starfshópurinn var skipaður 4. nóvember 2010 og í skipunarbréfi hans segir: „Fyrsta verkefni samráðshópsins er skoðun á úrræðum til að styrkja leigu- og búseturéttarkosti með það að markmiði að mæta stöðu sem upp er komin í húsnæðismálum í kjölfar efnahagsþrenginganna.“ Í því ljósi hefur starfshópurinn skoðað samspil húsaleigubóta og vaxtabóta og lagt nýja kerfið til.

Bætur verða miðaðar við fjölda einstaklinga í heimili. Þá verða þær tengdar tekjum og hefur starfhópsins meðal annars lotið að því að finna tekjumörk við hæfi.

### Leiga verði raunverulegt val

Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB, átti sæti í starfshópnum. Hann segir tillögur hópsins ríma vel við áherslur BSRB undanfarin ár um að jafna bótagreiðslur á milli ólíkra búsetuforma.



**HORFT ÚR HALLGRÍMSKIRKJU** Tillögurnar gera ráð fyrir samtímagreiðslu húsnæðisbóta óháð því hvort um leigu eða eign er að ræða. Kostnaðarauki miðað við núverandi kerfi er á bilnu 4 til 9 milljarðar króna, eftir úfærslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


„Ég kaupi aðallega í matinn fyrir mínar Aukakrónur“

**Næstum 30 þúsund manns** nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til tryggingga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Föstudagur » Krónan



Mánudagur



Þriðjudagur » Kaffitár



„Markmið nefndarinnar var að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili eigi raunverulegt val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða. Ef þessar tillögur ganga eftir er það skref í rétta átt að því markmiði.

Kannanir hafa sýnt að fjöldi fólks hér á landi sem er nú í eigin húsnæði vill frekar búa í leiguhúsnæði, en framboðið er ekki nægt. Fjárhagsstuðningur við þá sem eiga húsnæði hefur verið umtalsvert meiri en við þá sem leigja en þessar tillögur jafna rétt fólks á bótum á milli hinna ólíku búsetuforma og það hefur verið eitt af baráttumálum BSRB undanfarin ár.“

**Grunnbætur og stuðull**

Bæturnar miðast við einn einstakling í heimili. Ofan á þær leggst margföldunarstuðull eftir því hversu margir eru í heimili, óháð aldri viðkomandi. Einstaklingur fær því, án tekjuskerðingar, 22 þúsund í bætur, tveir í heimili fá 1,4 sinnum 22 þúsund og stuðullinn breytist eftir því sem fjölgar í heimili upp í sex manns. Sami stuðull reiknast á frítekjumarkið.Í drögum að skýrslunni kemur fram að ekki var eining innan hópsins um hvaða tekjuskilgreining skyldi ráða við tekjuskerðinguna, en samstaða var þó um að allar skattskyldar tekjur skyldu telja til skerðingar.

Tillaga hópsins verður kynnt í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Frekari útfærsla bíður síðan velferðarráðherra og að lokum alþingismanna.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

## Hámark bóta á ársgrundvelli




## Helstu niðurstöður hópsins

- Húsnæðisstuðningur verði óháður búsetuformi.
- Húsnæðisbætur einstaklings, grunnbætur, byggi á því að jafna mun á milli framfærsluviðmiðs almannatrygginga, grunnneysluviðmiða velferðarráðuneytis (heildarútgjöld án húsnæðis) og meðalleigu húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.
- Húsnæðisbætur annarra heimilisgerða reiknast út frá bótum einstaklings með álagi sem samsvarar auknum húsnæðiskostnaði vegna fjölda heimilismanna.
- Húsnæðisbætur skulu taka mið af fjölda á heimili óháð aldri.
- Allar skattskyldar tekjur heimilis skulu teljast til tekna við útreikninga á tekjuáhrifum bóta. Ekki náðist samstaða um meðhöndlum skattfrjálsra tekna.
- Tekjuskerðingu húsnæðisbóta skal stillt í hóf til að halda neikvæðum jaðaráhrifum í lágmarki.
- Húsnæðisbætur verði samtímagreiðslur.
- Sveitarfélög setji sér samræmdar reglur um hvernig þau veiti viðbótarstuðning til íbúa sem búa við félagslegan vanda og bera mikla/óhóflega greiðslubyrði af húsnæði.
- Nýtt húsnæðisstuðningskerfi verði innleitt í áföngum þannig að þeir sem fyrir mestri lækkun verða lækka í áföngum yfir nokkurra ára tímabil.
- Húsnæðisbætur verði að fullu greiddar af ríkissjóði en tekjustofnar sveitarfélaga skoðaðir samhliða breytingunum þó þannig að sveitarfélög verði jafnsett fjárhagslega fyrir og eftir breytingar.

## Kostnaður við vaxta- og húsaleigubótakerfið 2011

**Tölur í milljónum króna**

| | |
|---|---|
| Vaxtabætur | 12.517 |
| Húsaleigubætur | 3.531 |
| Samtals | 16.048 |
| Sérstök vaxtaniðurgreiðsla | 6.410 |
| Sérstakar húsaleigubætur | 1.061 |
| Samtals | 23.519 |

## Grunnur kerfisins

**Grunnbætur:** 22.000 kr. á mánuði/264.000 kr. á ári
**Tekjuskerðingarmörk:** 203.000 kr. á mánuði/2,44 m.kr. á ári
**Tekjuskerðing:** Þrjár mismunandi útfærslur. Miðað við að bætur á ársgrundvelli skerðist um 10, 8, eða 6% af árstekjum umfram tekjuskerðingarmörk.

## Kostnaður við nýja kerfið

**Tölur í milljónum króna**

| | | |
|---|---|---|
| **Útgáfa 1** | (skerðing m.v. 10% af árstekjum umfram tekjuskerðingarmörk) | 18,900 |
| **Útgáfa 2** | (skerðing m.v. 8% af árstekjum umfram tekjuskerðingarmörk) | 21,400 |
| **Útgáfa 3** | (skerðing m.v. 6% af árstekjum umfram tekjuskerðingarmörk) | 25,100 |

Mánudagur



Laugardagur



Það er auðvelt að safna.
Þú færð Aukakrónur fyrir:

Aukakrónur

» alla innlenda veltu af kreditkorti
» viðskipti við samstarfsaðila
» þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Mánudagur » Krónan



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Obama styður hjónaband samkynhneigðra:

## Tímamót í mannréttindabaráttu

Það eru merkileg tímamót í réttindabaráttu samkynhneigðra þegar valdamesti maður heims, Barack Obama forseti Bandaríkjanna, lýsir yfir stuðningi við hjónaband fólks af sama kyni. Forveri hans, George W. Bush, var ekki eingöngu andvígur þessum réttindum heldur reyndi hann að fá stjórnarskrá Bandaríkjanna, því merka mannréttindaplaggi, breytt þannig að hún bannaði fólki að njóta þeirra. Þegar það er haft í huga er enn skýrara hversu mikil breyting hefur orðið í Hvíta húsinu á skömmum tíma.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Obama hefur frá upphafi beitt sér fyrir bættum réttindum samkynhneigðra og meðal annars afnumið bann við því að fólk sem er opinberlega samkynhneigt gegni störfum í Bandaríkjaher. Hann hefur þó lengi, og að sumra mati of lengi, beðið með að kveða upp úr um afstöðu sína til þess hitamáls sem hjónaband samkynhneigðra er í Bandaríkjunum.

Svo heitt er málið að Obama tekur sjálfsagt nokkra áhættu með því að opinbera skoðun sína. Meðal annars hefur verið bent á að á meðal þeldökkra og fólks af rómönskum uppruna, sem forsetinn sækir mikið fylgi til, er jafnframt mikil andstaða við hjónaband samkynhneigðra. Obama treystir því þó væntanlega að Mitt Romney frambjóðandi repúblikana eigi áfram svo lítinn hljómgrunn hjá þessum hópum að stefnubreyting í þessu máli verði ekki til þess að margir skipti um lið í forsetakosningunum sem framundan eru.

Kosningarnar eru hvort sem er líklegar til að snúast fyrst og fremst um efnahagsmál og afstöðu frambjóðendanna til þeirra. Þótt yfirlýsing Obama verði hugsanlega til þess að bókstafstrúarmenn fylki sér um Romney, hleypir hún líka hans eigin stuðningsmönnum kapp í kinn, ekki sízt yngra menntafólki sem var hans harðasti stuðningsmannahópur fyrir fjórum árum.

Viðhorfið til réttinda samkynhneigðra breytist hratt í Bandaríkjunum. Árið 2004 sögðust 60 prósent Bandaríkjamanna andvígir hjónabandi samkynhneigðra í könnun Pew Research. Nýleg könnun sömu stofnunar sýnir að andstæðingunum hefur fækkað í 43 prósent. Svo skjót breyting á afstöðu til samfélagsmála er ekki algeng í Bandaríkjunum. Gerbreytt afstaða yngra fólks skiptir mestu; tveir þriðju hlutar þeirra sem fæddir eru eftir 1980 sjá ekkert að því að samkynhneigðir njóti sömu réttinda og gagnkynhneigðir.

Eftir því sem fleiri koma út úr skápnum eru líka fleiri sem eiga samkynhneigða vini og ættingja og vilja berjast fyrir réttindum þeirra. Enda vísaði Obama til þess í yfirlýsingu sinni að dætur hans ættu vini sem ættu samkynhneigða foreldra – og af hverju ættu þær að vilja að foreldrum vina þeirra væri mismunað?

Ákvörðun Obama er til vitnis um pólitískt hugrekki og réttsýni forsetans. Hún hefur ekki bein eða skjót áhrif á réttindi samkynhneigðra í Bandaríkjunum, þar sem hjúskaparlöggjöfin er á hendi einstakra ríkja. Hún er hins vegar mikilvægt fordæmi víða um heim, þar sem fólk lítur upp til Obama sem manns sem vann stóran sigur fyrir hönd þeldökkra í Bandaríkjunum og tekur nú nýtt skref í baráttunni fyrir mannréttindum öllum til handa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stór orð

Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor kvað ansi sterklega að orði í Facebook-færslu á sunnudag. Þar sagði hann um málflutning Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur Stjórnlagaráðs: „Hann er eins og maðurinn, sem myrti foreldra sína, og baðst síðan miskunnar fyrir rétti á þeirri forsendu, að hann væri munaðarlaus."



### Umræðan og ábyrgðin

Þorvaldur hefur um árabil verið einn af helstu álitsgjöfum þjóðarinnar og ætti að vera ljóst að flest það sem hann segir og skrifar kemst til umræðu og jafnframt að því fylgir nokkur ábyrgð. Skynugt fólk sem óskar þess að sjá vandaðri pólitíska orðræðu myndi kannski haga orðum sínum á smekklegri hátt en að líkja stjórnmálaleiðtogum við morðingja.



### Kaffi og með því

Í þessum pistli í gær voru því gerðir skórnir að fleira en kaffiþorsti og áhugi á stöðu stjórnarskrármálsins hafi búið að baki heimsóknar þingflokks Hreyfingarinnar á vinnufund ríkisstjórnarinnar um helgina. Upp úr dúrnum kom að þarna var rætt um að þingflokkurinn skyldi verja ríkisstjórnina falli, að gefnum ýmsum skilyrðum. Í gær funduðu stjórnvöld svo stíft með lífeyrissjóðum, einmitt um eitt af lykilmálum Hreyfingarinnar. Stundarkorn yfir kaffibolla getur verið afdrifaríkt.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR




## Má kaupa sér niðurstöðu?

Skoðun



Þórunn Sveinbjarnardóttir
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra

Árið er 2012, rúmum þremur árum eftir hrun, og aldrei hefur ofríki sérhagsmunaaflanna í samfélaginu verið jafn grímulaust. Vikum saman hefur auglýsingaherferð útvegsmanna gegn breytingum á eignarhaldi á fiskveiðiauðlind íslensku þjóðarinnar glumið í eyrum landsmanna. Hér er engu til sparað. Langar leiknar sjónvarpsauglýsingar og tilkynningalestur á undan hverjum fréttatíma í útvarpi. Uppistaðan í skilaboðum útgerðarmanna til þjóðarinnar eru órökstuddar fullyrðingar, illa dulbúnar hótanir og tilfinningaklám af ömurlegustu sort. Síendurtekinn einhliða áróður sem er til þess eins ætlaður að sá fræjum ótta og óvissu í huga fólks. Og allt er það til þess gert að á Alþingi Íslendinga verði þrýstingurinn óbærilegur og þá er ekki ólíklegt að krosstrén fari að bregðast.

Í lýðræðissamfélögum ræðir fólk málefnin fram og til baka, skiptist á skoðunum, vegur og metur rök með og á móti tiltekinni fullyrðingu, tekur tillit til andstæðra sjónarmiða og skiptir jafnvel um skoðun að vel athuguðu máli. Alla jafna kemst fólk að niðurstöðu sem er vel ígrunduð og tekur tillit til almannahagsmuna frekar en sérhagsmuna í samfélaginu. Þessi umræða fer fram á jafnréttisgrundvelli og á opinberum vettvangi; í ábyrgum fjölmiðlum, á opnum fundum, í sveitarstjórnum og á löggjafarsamkomunni. Rökræðan krefst þess að málefnið sé skoðað frá öllum hliðum og leyfir ekki þöggun eða ofríki af neinu tagi. Auglýsingaherferð útgerðarmanna er að þessu leyti lítið annað en tilraeði við frjálsa rökræðu í lýðræðissamfélagi.

Í lýðræðissamfélagi er ekki hægt að kaupa sér niðurstöðu. Eða hvað? Lög hafa verið sett til að stemma stigu við ofurvaldi peninganna á starfsemi stjórnmálaflokka. Menn virðast almennt hafa ímugust á stjórnmálum þar sem stjórnmálamennirnir eru ofurseldir fjármagninu og tala fjálglega um spillingu og vonda stjórnarhætti í öðrum löndum, t.d. Bandaríkjunum. En hvað um okkur sjálf? Auglýsingaherferð útgerðarmanna hafði staðið vikum saman þegar loks fór að heyrast í fólki um að kannski væri þetta ekki eðlileg leið til skoðanaskipta hér á landi. Að ef til vill væri óeðlilegt að kaupa sér niðurstöðu í máli sem varðar grundvallarréttindi almennings; þjóðareign á sameiginlegum auðlindum okkar. Hvort útgerðarmönnum tekst ætlunarverk sitt mun ráðast á næstu vikum. Niðurstaðan sker úr um hvort Ísland sé raunverulegt lýðræðisríki.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Dómur Landsdóms – fyrri hluti

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor við lagadeild Háskóla Íslands



Hinn 23. apríl sl. kvað Landsdómur upp dóm í máli fyrrverandi forsætisráðherra. Hann markar tímamót í íslenskri réttarsögu, enda fyrsti dómurinn sem kveðinn er upp á grundvelli laga um ráðherraábyrgð. Í þessari grein og þeirri næstu verður til fróðleiks leitast við að gera almenna grein fyrir efni dómsins auk þess sem farið verður nokkrum orðum um fordæmisgildi hans.

### Hvað var fyrrverandi forsætisráðherra sakaður um?

Fyrrverandi forsætisráðherra var í ákæru talinn hafa bakað sér refsiábyrgð með athafnaleysi sínu meðan hann gegndi embætti. Var sú vanræksla bundin í ákæru við rúmlega átta mánaða tímabil á árinu 2008 og nánar tiltekið við tvenns konar brot.

Í fyrri hluta ákæru var ákærða gefið að sök brot gegn b-lið 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um. Í því sambandi reyndi í fyrsta lagi á það hvort ráðherra hefði vanrækt að gæta að störfum samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og í öðru lagi hvort hann hefði vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins. Þá var honum í þriðja lagi gefið að sök að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag þar.

Í síðari hluta ákæru var fyrrverandi forsætisráðherra gefið að sök að hafa í andstöðu við c-lið 8. gr. ráðherraábyrgðarlaga látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar um skyldu til að halda ráðherrafundi, svokallaða ríkisstjórnarfundi, um mikilvæg stjórnarmálefni.

Í þessari grein verður fjallað um forsendur Landsdóms í tilefni af fyrri hluta ákærunnar en í næstu grein um síðari hluta hennar.

### Um eðli lagalegrar ábyrgðar og samanburður við hina pólitísku ábyrgð ráðherra

Í dómi Landsdóms reyndi á svokallaða lagalega ábyrgð fyrrverandi forsætisráðherra, þ.e. refsiábyrgð. Gera verður skýran greinarmun á þeirri tegund ábyrgðar og hinni pólitísku. Í forsendum meirihluta Landsdóms er þessi hugsun orðuð þannig að af „samanburði á þessari tvenns konar ábyrgð [verði] að álykta að það séu aðeins alvarlegar ávirðingar í starfi, sem leitt geta til þess að ráðherra verði gerð refsing. Samkvæmt því [geti] það eitt að háttsemi hans sé gagnrýnisverð eða ámælisverð ekki fallið undir þá lagalegu ábyrgð, sem hér um ræðir, heldur [þurfi] meira að koma til“.

Þessu til viðbótar má nefna að lögin um ráðherraábyrgð fjalla um svokölluð „pólitísk embættisbrot“ ráðherra, eins og Lárus H. Bjarnason lagaprófessor orðaði það fyrir tæpum 100 árum, á meðan önnur brot ráðherra í embætti falla undir almenn hegningarlög. Landsdómur er í samræmi við þetta gildissvið laga um ráðherraábyrgð ekki aðeins skipaður sjö löglærðum dómurum heldur átta dómurum til viðbótar kjörnum af Alþingi. Landsdómur er m.ö.o. dómstóll með „pólitísku ívafi“, eins og segir í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að Landsdómslögum. Það er mikilvægt að hafa þetta sérstaka eðli málsins í huga þegar dómur Landsdóms er lesinn, enda taka forsendurnar mið af gildandi kerfi þótt það kunni að koma mörgum nokkuð spánskt fyrir sjónir.

### Eru ákvæði ráðherraábyrgðarlaga nægilega skýrar refsiheimildir?

Stjórnarskráin og Mannréttindasáttmáli Evrópu áskilja að refsiheimildir veiti sanngjarna viðvörun um hvað telst refsivert og mega því ekki vera of almennar og óljósar. Fyrrverandi forsætisráðherra hélt því fram að þau ákvæði ráðherraábyrgðarlaga, sem á reyndi í máli hans, stæðust ekki kröfur um skýrleika refsiheimilda. Landsdómur hafnaði þeirri málsvörn með þeim rökstuðningi að hugtök þau sem fram koma í ákvæðunum væru „auðskilin góðum og gegnum manni í því embætti, sem ákærði gegndi“. Í ákvæðunum fælist því „fyrirsjáanlegur og sanngjarn mælikvarði um embættisfærslu ráðherra“. Þessi niðurstaða er vel rökstudd og í samræmi við viðhorf þeirra fræðimanna sem áður höfðu fjallað um þetta efni.

### Niðurstaða Landsdóms um brot gegn b-lið 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga

Í b-lið 10. gr. segir að ráðherra verði sekur eftir lögunum ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er „stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir“. Á síðari hluta ákvæðisins reyndi í máli fyrrverandi forsætisráðherra. Ástæða er til að skýra nánar hvers konar brot er hér um að ræða.

Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að forsætisráðherra var í þessum hluta ákærunnar gefið að sök að láta hjá líða að bregðast við hættu sem steðjaði að ríkissjóði og fjármálakerfinu eins og honum hafi verið skylt. Hann var því ekki sakaður um að valda beinlínis hættunni með athöfnum sínum. Brot það sem um ræddi var því svokallað athafnaleysisbrot. Það er skilyrði athafnaleysisbrota að áliti fræðimanna að lög leggi tilteknar athafnaskyldur á menn, ýmist á alla menn eða á tiltekna menn vegna stöðu þeirra og athafna í þjóðfélaginu. Ef maður sinnir ekki athafnaskyldu er lögð refsiábyrgð við þeirri vanrækslu sem slíkri án tillits til hugsanlegra afleiðinga hennar eða atvika að öðru leyti.

Í öðru lagi lýsir b-liður 10. gr. svokölluðu sérgreindu hættubroti, en þá stofnar athafnaleysi manns í hættu tilteknum réttarhagsmunum sem unnt er að benda á hverju sinni, í þessu tilviki heill ríkisins. Fyrir slík brot má refsa þótt ekkert tjón hafi hlotist af verknaði.

Samkvæmt þessu var það ekki skilyrði fyrir refsiábyrgð fyrrverandi forsætisráðherra að ákæruvaldinu tækist að sýna fram á að hann hefði beinlínis getað komið í veg fyrir bankahrunið, en um það atriði hefur ríkt nokkur misskilningur í þjóðfélagsumræðunni. Bæði í forsendum meiri- og minnihluta Landsdóms var því talið nægilegt að athafnir þær, sem ákærða var skylt að inna af hendi, hefðu getað dregið verulega úr þeirri hættu sem steðjaði að fjármálakerfinu. Bæði meiri- og minnihluti Landsdóms töldu sannað að slík hætta hefði verið til staðar. Meiri- og minnihlutinn voru aftur á móti einnig sammála því að ákæruvaldinu hefði ekki tekist að sýna fram á að hugsanlegar athafnir ákærða hefðu getað dregið úr hættunni þannig að skapað hefði refsiábyrgð. Var ráðherrann því með nokkuð sannfærandi rökum sýknaður af þessum hluta ákærunnar.

Rétt er að lokum að geta þess að þótt meirihlutinn hafi talið að sýkna bæri ákærða af fyrri hluta ákærunnar er það samdregin niðurstaða hans að fyrrverandi forsætisráðherra hafi að nokkru marki ekki sinnt athafnaskyldum sem á honum hvíldu og lýst var í ákærunni. Sá hluti forsendnanna er afar athyglisverður. Mikilvægt er að greina forsendurnar frekar fræðilega enda kunna þær að hafa ríkt fordæmisgildi fyrir störf Stjórnarráðsins í framtíðinni.



Bera endurskoðendur minni ábyrgð en stjórnendur og stjórnarmenn?

Are Auditors' legal responsibility less strict than that of directors and board members?



Lars Bo Langsted flytur fyrirlestur um ábyrgð og skyldur endurskoðenda hlutafélaga í Hátíðarsal Háskóla Íslands þriðjudaginn 15. maí nk. kl. 12-14

*Lars Bo Langsted er prófessor í lögfræði við Háskólann í Árósum. Viðfangsefni hans eru einkum á sviði fjármálaréttar og efnahagsbrota.*

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök fjárfesta
hluthafar.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BÝÐUR TIL MÁLÞINGS:

Ábyrgir stjórnendur og hlutverk háskóla

Verið velkomin á Bifröst, þriðjudaginn 15. maí kl. 13-15

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur tilnefnt áratuginn 2005-2014 áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar. Í tengslum við þá vinnu hafa Sþ komið á fót sameiginlegu átaki þeirra menntastofnana sem vilja taka áskorun áratugarins og leggja áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Háskólinn á Bifröst undirritaði yfirlýsinguna á síðasta ári og er jafnframt fyrstur íslenskra háskóla til að skrá sig til leiks.

Í tengslum við átakið skipuleggur Háskólinn á Bifröst röð málþinga nú á vormánuðum, undir yfirskrift samfélags- og stjórnendaábyrgðar.

Dagskrá

Setning: **Bryndís Hlöðversdóttir,** rektor
Opnunarerindi: **Pernille Kallehave**, framkvæmdastjóri ICOA, þróunarmiðstöðvar á sviði sjálfbærni í rekstri fyrirtækja, en miðstöðin heyrir undir Háskólann í Árósum. Auk þess er Pernille ráðgjafi rektors skólans í málum sem tengjast sjálfbærni og umsjónarmanneskja PRME stefnumótunar innan háskólans.

**Pallborð**
**Auður H. Ingólfsdóttir**, sviðsstjóri félagsvísindasviðs við Háskólann á Bifröst
**Börkur Hansen**, prófessor í stjórnunarfræðum menntastofnana við Háskóla Íslands
**Mary F. Davidson**, verkefnisstjóri hjá Háskóla Sameinuðu þjóðanna

PRME Principles for Responsible Management Education

Allir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir.
Nánari upplýsingar á bifrost.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ólína, berðu í borðið!

Sjávarútvegsmál

**Lýður Árnason**
læknir og liðsmaður Dögunar



Ólína Þorvarðardóttir hefur verið einn öflugasti talsmaður þingsins fyrir breyttu fiskveiðistjórnunarkerfi. Hún hefur boðið stórútgerðinni birginn og haldið á lofti loforðum ríkisstjórnarinnar um afnám ríkjandi einokunar á fiskimiðunum, einokun sem staðið hefur í hartnær 30 ár. En nú skýtur skökku við.

Ólína vegsamar nýtt kvótafrumvarp um fiskveiðistjórn og segir það rjúfa ótímabundinn eignarétt núverandi kvótahafa á aflaheimildum sem verða innkallaðar á einu bretti og nýtingin einskorðuð við 20 ár. En gildra þessa frumvarps er þessi: Ekki er hægt að breyta stjórn fiskveiða fyrr en að fimm árum liðnum. Eftir það fá útgerðir fimmtán ára aðlögunartíma. Ákveði ríkisstjórn eftir fimm ár að breyta kerfinu þarf hún eða ríkisstjórn sama sinnis að vera endurkosin þrisvar til að geta framfylgt breytingunni. Annars er eins víst að ný ríkisstjórn taki til sinna ráða og ákveði eitthvað annað. Þar með framlengist nýtingartíminn um önnur fimmtán ár og svo koll af kolli. Sú fullyrðing Ólínu um að nýting núverandi kvótahafa einskorðist við 20 ár er því í meira lagi hæpin.

> Innköllun aflaheimilda til þess eins að úthluta þeim aftur til fyrri kvótahafa er ósönn.

Innköllun aflaheimilda til þess eins að úthluta þeim aftur til fyrri kvótahafa er ósönn. Frumvarpið gerir ráð fyrir 20 ára nýtingarsamningum við núverandi kvótahafa, í dag er aflaheimildum úthlutað til eins árs í senn. Þessi nýja tilhögun bindur því hendur ráðherra til 20 ára í stað eins árs og hlýtur að auka en ekki minnka líkur á skaðabótaskyldu ríkisins verði lögum breytt eða stjórnarskrá. Og þó kvótahöfum sé gert að viðurkenna þjóðareign fiskimiðanna er þeim fengin einokunaraðstaða að auðlindinni sem er í trássi við jafnræði og atvinnufrelsi, einmitt það sem ríkisstjórnin vildi innleiða í samræmi við álit mannréttindanefndar SÞ.

Fullyrðing Ólínu um að frumvarpið tryggi að aflaheimildir séu í þjóðareign er ekkert umfram það sem þegar stendur í lögum um stjórn fiskveiða en þar segir í fyrstu grein: Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Ólína segir líka að frumvarpið tryggi að nýting fiskimiðanna byggist ekki á eignarhaldi heldur tímabundnum nýtingarrétti. Þetta er sömuleiðis að finna í fyrstu greininni sem endar svona: Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Að mínu mati endurspeglar afstaða Ólínu því ekki ávinning heldur eftirgjöf í felubúningi.

Önnur meginmarkmið stjórnarflokkanna í fiskveiðistjórn voru hömlun á kvótaframsali, uppboð aflaheimilda með almennu aðgengi og frjálsar strandveiðar. Allt marklaust og í raun er þessi ríkisstjórn að framfylgja stefnu fyrri ríkisstjórnar í forhertri mynd og afhendir með þessu frumvarpi núverandi kvótahöfum áframhaldandi einokun að auðlindinni til 20 ára eða lengur. Trúi vart að Ólína Þorvarðardóttir taki þátt í þessum skollaleik, hvet hana til að berja í borðið.

# Vinkonan í ESB

Fjármál

**Valborg Ösp Á. Warén**
stjórnmálafræðingur



Stundum velti ég því fyrir mér af hverju ég búi á Íslandi. Einhvern veginn tekst aldrei að gera búsetuskilyrði hér á landi sambærileg við önnur ríki í kringum okkur. Ég á til dæmis vinkonu sem býr í Evrópusambandsríki, en hún keypti sér íbúð þar fyrir nokkrum árum. Ekkert rosalega stóra en „kósí fyrsta íbúð“ eins og hún orðaði það sjálf. Ég á líka íbúð sem var keypt fyrir tæpum sex árum og hún er líka svona „kósí fyrsta íbúð“. Aðstæður okkar vinkvennanna eru hins vegar ekki svipaðar þegar kemur að eignarhlut í fasteignum okkar eða hvernig þróunin hefur verið á lánagreiðslum.

Þó að það sé styttra síðan vinkonan fjárfesti í sinni íbúð þá hafa mánaðargreiðslur hennar lækkað og eignarhlutur hennar hækkað, ekki mikið, en hún eignast allavega hlut í íbúðinni sinni. Staðan er hins vegar önnur hjá mér. Lánið hefur gert lítið annað en að hækka, en það hefur hækkað um tæpar sjö milljónir á sex árum og eignarhlutur minn er stjarnfræðilega lítill, ef hann er nokkur. Svo ofan á allt þetta, þá borgar vinkonan minna í mat og getur keypt sér meira af fötum heldur en ég!

En eina af aðalástæðunum fyrir því að húsnæðislán mitt hefur hækkað það mikið að lánið er núna hærra en verðmæti eignarinnar, er hægt að rekja til blessaðrar verðtryggingarinnar. Ég veit ekki með ykkur, en persónulega er ég alveg til í að kveðja verðtrygginguna fyrir fullt og allt og það mun gerast með upptöku evrunnar. Verðtrygging lána er nánast óþekkt fyrirbæri í Evrópu enda talin óþörf. Öðrum þjóðum hefur tekist það sem Íslendingar hafa þráð frá því að seðlar byrjuðu að skipta máli, en það er að búa til sanngjarnt lánakerfi sem býr ekki við sveiflur og hækkanir lána.

Fyrir nokkrum árum kom út skýrsla á vegum Neytendasamtakanna og í henni var farið yfir muninn á húsnæðislánum hér á landi og svo í tíu öðrum Evrópuríkjum.

> Verðtrygging lána er nánast óþekkt fyrirbæri í Evrópu enda talin óþörf.

Í þessari skýrslu kom fram að það er mun hagstæðara að taka lán í öðrum ríkjum þar sem vextir hér á landi eru allt að sjö prósentum hærri, sem þýðir að meðalfjölskyldan er að greiða mörg hundruð þúsund krónur í vexti á hverju ári. Það er endalaust hægt að tala um sértækt úrræði fyrir heimilin en ég vil lausnir til frambúðar, ég vil geta keypt mér eign og borgað af mínum lánum við hver mánaðamót án þess að lánin hækki um nokkra tugi þúsundkalla mánaðarlega.

Með upptöku evrunnar munum við sjá eignarhlut okkar stækka í takt við það sem greitt er af húsnæðislánum. Við munum geta haldið frábær matarboð í íbúðinni sem við eigum eitthvað í og skálað í ódýrara áfengi í fínu, nýju fötunum okkar. Já, eða svona nokkurn veginn.

# „Allt að“ ekki neitt

Fjarskipti



Birgir Rafn Þráinsson
framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur

Sjaldan hafa valkostir neytenda verið jafn margir og nú þegar kemur að fjarskiptatengingum heimilanna. Af þeim er ljósleiðari, lagður alla leið inn á heimili notenda, líkt og Gagnaveita Reykjavíkur leggur, öflugasta og fullkomnasta lausnin enda eina sanna ljósleiðaralausnin. Um það deilir enginn og ekkert sem bendir til annars en svo verði lengi.

Síminn hefur nýverið hafið kynningu á skammtímalausn sem felst í að blandað er saman ljósleiðurum sem liggja í götuskápa og áframhaldandi notkun á gömlu símalínunum. Þetta er svokölluð VDSL-tækni, næsta kynslóð af ADSL, sem Síminn kýs að kalla ljósnet.

Það sem skiptir þó megin máli fyrir neytendur er hvaða þjónusta þeim býðst. Staðreyndin er sú að framboð og gæði fjarskiptaþjónustu til heimila er nátengt getu fjarskiptatengingarinnar til gagnaflutninga. Viðfangsefnið felst í því að auka mögulegt gagnamagn (bandvídd) og hámarka gagnahraða sem allra mest. Sem betur fer átta margir sig á þessum tæknilegu atriðum, ekki bara tæknifólk. Samfélagsmiðlar og sjónvarpsefni er sífellt að verða kröfuharðara á afköst og hraða gagnaflutninga og því gerir almenningur sér grein fyrir. Enginn nennir að bíða eftir að mynd á Facebook sé að birtast á tölvuskjánum, myndband á YouTube byrji að spila eða bíómynd á leigunni hefjist.

Á ljósleiðaraneti Gagnaveitunnar bjóða þjónustuaðilar nú Internet-þjónustu með bandvíddina 100 megabitar á sekúndu. Það þýðir að ljósleiðaraheimtaug heimilisins ræður við umrædda bandvídd hvort heldur það er við flutning gagna til þess eða frá því og já, hvort tveggja í einu. Þarna er ekki um að ræða tilgreinda bandvídd hjá sumum eða stundum, heldur hjá öllum alltaf, það geta viðskiptavinir Ljósleiðarans staðfest með því að mæla hraða tengingar sinnar á ljosleidarinn.is.

Það hefur viðgengist ansi lengi og í raun allt frá upphafi þjónustu með ADSL-tækni að neytendum sé boðið upp á hina afkáralegu skilgreiningu á þjónustu: „Allt að“ eitthvað. Þannig selur Síminn nú „allt að“ 50 megabita Internet-þjónustu um VDSL-kerfi (ljósnet) sitt en í raun sanni má ætla að fáir viðskiptavinir nái þeirri bandvídd, sumir þeirra bara stundum og þá bara til sín. Frá heimilinu er hún a.m.k. helmingi minni. Þetta geta viðskiptavinir Símans sjálfir sannfærst um með því að mæla hraða tengingar sinnar á siminn.is/adstod/netid/hradi. Flestir munu komast að því að „allt að“ er að skila þeim „langt frá“ því sem þeir telja sig vera að kaupa. Réttara væri að selja þjónustu með „að lágmarki“ tiltekin gæði fremur en „allt að“ tiltekin gæði. Hver kaupir „allt að“ tveggja lítra kók og fær þá kannski afhenta hálfs lítra kók, kannski lítra og ef heppnin er með þá tveggja lítra flösku en það er bara í boði fyrir þá sem búa við hliðina á sjoppunni!

Síminn hefur fullyrt að ljósnetið muni ná til 100 þúsund heimila og að þeir muni bjóða hverju heimili 100 megabita tengingu. Það þarf engan snilling til að sjá að hér hefur markaðsfólk Símans farið eitthvað fram úr sér og lofar því sem hreinlega er ekki hægt að standa við. Hafandi fengið á sig fjölda stjórnvaldssekta vegna ólögmætra markaðsaðgerða er ótrúlegt að sjá Símann áfram á braut blekkinga í sölu- og markaðsaðgerðum sínum. Auk villandi nafngiftar og upplýsinga um bandvídd er þar að auki látið í veðri vaka að þjónusta Símans sé ódýrari en samkeppnisaðila sem nemur aðgangsgjaldi Gagnveitunnar. Neytendur, látið ekki blekkjast af svona bulli. Með einföldum verðsamanburði af vefsíðum Símans og Vodafone sést að á algengri þjónustuleið er þjónusta Vodafone um Ljósleiðara Gagnaveitunnar ódýrari en þjónusta Símans um ljósnetið.

Gagnaveita Reykjavíkur hefur nú lagt og tengt ljósleiðara til rúmlega 46 þúsund heimila, fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu en einnig á Suður- og Vesturlandi. Ætla má að um 50 þúsund heimili eða 40% heimila landsins geti nýtt sér alvöru ljósleiðaratengingu frá Gagnaveitu Reykjavíkur eða öðrum gagnaveitum. Þá hefur fjöldi sveitarfélaga í hyggju að leysa fjarskiptamál íbúa sinna með sambærilegum hætti.

> Hvaða fjárfestir myndi fjárfesta í malbikun á gamla sveitaveginum við hliðina á nýlagðri hraðbrautinni?

Það verður því að teljast nokkuð merkilegt að á svæðum þar sem alvöru ljósleiðaralausn er þegar til staðar telji Síminn sér hag í því að leggja út í umtalsverðar fjárfestingar til að púkka upp á áframhaldandi notkun símalínunnar. Fjárfestingum þeirra er varla vel varið í uppfærslu á gamalli koparlínutækni þar sem ljósleiðari er þegar í boði alla leið inn fyrir húsvegg. Ætli hluthafar og kröfuhafar Símans viti af þessu? Hvaða fjárfestir myndi fjárfesta í malbikun á gamla sveitaveginum við hliðina á nýlagðri hraðbrautinni?

Að sjálfsögðu býðst Símanum, eins og öllum þjónustuveitum, að veita þjónustu um ljósleiðaranet Gagnaveitunnar. Með því gæti Síminn, í samkeppni við aðra, veitt þá þjónustu sem löngun Símans stendur til, í stað „allt að“ þjónustu. Viðskiptavinir sem kjósa að taka alvöru ljósleiðaratengingu í notkun, hverfa því í stórum stíl frá Símanum til annarra þjónustuaðila.


Gæða-heimilistæki í 80 ár

SIEMENS

Smith & Norland hefur útvegað Íslendingum gæða-heimilistæki í 80 ár. Við seljum vandaðar vörur og kunnum okkar fag. Skiptið við traust og rótgróið fyrirtæki. Verið ávallt velkomin í verslun okkar, því að sjón er sögu ríkari. Umboðsmenn um land allt.

Þvottavél
WM 14A163DN
Einstaklega góð kaup.
Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+.
Íslenskt stjórnborð.
Tilboðsverð:
89.900 kr. stgr.
(fullt verð: 114.900 kr.)



Þvottavél
WM 14E262DN
Tekur mest 6 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+.
Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
Tilboðsverð:
119.900 kr. stgr.
(fullt verð: 149.900 kr.)



Þvottavél
WM 14S464DN
Tekur mest 8 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+++.
iQdrive: Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor.
Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
Tilboðsverð:
163.900 kr. stgr.
(fullt verð: 199.900 kr.)



Þurrkari
WT 46E364DN
Góður þurrkari sem tekur mest 7 kg. Skjár sem sýnir afgangstíma. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
(fullt verð: 159.900 kr.)



Þurrkari
WT 46E305DN
Glæsilegur þurrkari sem tekur mest 8 kg. Sérkerfi: Ull 6 mín., blandaður þvottur, útifatnaður, heitt 20 mín. og 40 mín. hraðkerfi. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.
Tilboðsverð:
139.900 kr. stgr.
(fullt verð: 169.900 kr.)



Uppþvottavél
SE 45E234SK
Hvít, 12 manna. Fimm kerfi.
Hljóð: 48 dB (re 1 pW).
Tilboðsverð:
99.900 kr. stgr.
(fullt verð: 119.900 kr.)



Uppþvottavélar
SN 45M205SK (hvít)
SN 45M505SK (stál)
Glæsilegar 13 manna uppþvottavélar. Fimm kerfi.
Sérlega hljóðlátar: 44 dB (re 1 pW). Tímastytting þvottakerfa („varioSpeed“).
Íslenskur leiðarvísir.
Tilboðsverð:
139.900 kr. stgr. (hvít)
(fullt verð: 169.900 kr.)
Tilboðsverð:
159.900 kr. stgr. (stál)
(fullt verð: 189.900 kr.)





Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.



Ryksuga
VS 06G2001
Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka.
Vinnuradíus 10 metrar.
Tilboðsverð:
23.900 kr. stgr.
(fullt verð: 28.900 kr.)



Ryksuga
VS Z3XTRM12
Mjög kraftmikil 1800 W ryksuga með „Compressor“-tækni.
Skilar hámarks-sogkrafti með lágmarks-orkunotkun.
4 lítra slitsterkur poki.
Vinnuradíus 10 metrar.
Tilboðsverð:
29.900 kr. stgr.
(fullt verð: 37.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Hagur útgerðar og veiðigjald

Sjávarútvegsmál

**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor



Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna lofaði því í samstarfsyfirlýsingu sinni árið 2009 að sjá til þess að þjóðin nyti eðlilegs arðs af sameign sinni, fiskinum í sjónum. Nú loks, þremur árum síðar, hillir undir alvarlega tilraun til þess að standa við það loforð. Deila má um útfærslu og undirbúning. Eigendur útgerðarfyrirtækja eru ekki sáttir við fyrirhugaða gjaldtöku fyrir afnot þeirra af sameign þjóðarinnar. Fullyrt er, bæði í ræðu og riti og í einhverri dýrustu auglýsingaherferð Íslandssögunnar, að gjaldtaka muni verða til þess að flest útgerðarfyrirtæki verði gjaldþrota. Endurskoðendur útgerðarfyrirtækjanna, lánveitendur þeirra auk ýmissa annarra sem sumir hafa unnið skýrslur eða álitsgerðir eða unnið önnur viðvik fyrir útgerðarfyrirtækin taka undir svo bergmálar í fjöllunum.

Spyrja má, hvernig hefði hagur útgerðarinnar verið nú hefði umtalsvert veiðigjald verið lagt á árunum 2000 til 2001. Til þess að svara þeirri spurningu hef ég safnað gögnum frá Hagstofu Íslands og frá öðrum aðilum um efnahag fyrirtækja sem stunda veiðar á Íslandsmiðum. Gögnin eru ófullkomin og þarf að geta í eyður á nokkrum stöðum. Öll fyrirtækin eiga duldar eignir í formi kvóta sem ekki er færður í bækur þeirra. Hagstofan skilur ekki milli efnahags veiða og vinnslu. Sé þetta fært til réttari vegar kemur í ljós að heildareignir útgerðarinnar (skip, veiðarfæri, kvóti) fóru úr 400 milljörðum króna árið 2001 í um 865 milljarða króna árið 2007 en voru um 605 milljarðar 2010. Hefði gjaldtaka sem boðuð er hafist árið 2001 hefðu heildareignir þróast með allt öðrum hætti, verið 290 milljarðar króna árið 2007 og 230 milljarðar árið 2010.

Þróun heildareigna segir ekki nema hálfa sögu. Til að sjá alla söguna þarf að skoða þróun skulda annars vegar og þróun verðmætis eiginfjár fyrirtækjanna hins vegar. Skuldir voru um 112 milljarðar króna árið 2001, fóru í 472 milljarða árið 2008 og voru um 400 milljarðar árið 2010. Skuldir hefðu ekki getað þróast með þessum hætti hefði gjaldtaka hafist strax árið 2001. Líklega hefðu útgerðarfélögin losað sig við hlutabréf í bönkum og selt eignir og eignarhluta í óskyldum rekstri. Félögin hefðu heldur ekki haft bolmagn til né þörf á því að skuldsetja sig á þann hátt sem þau gerðu á árunum fram að hruni. Skuldaaukningin á árunum fyrir hrun er fyrst og fremst tilkomin vegna kvótaviðskipta. Sum útgerðarfyrirtæki tóku lán til að kaupa kvóta á allt að 4.000 krónur þorskígildiskílóið, þeir sem seldu hættu sumir í útgerð og fóru með söluandvirðið í óskylda starfsemi, einhverjir keyptu bílaumboð, aðrir verslunarrekstur í Reykjavík, enn aðrir gerðust „fagfjárfestar“, stofnuðu fjárfestingarfélög og fóru sumir á hausinn með stæl.

Ekkert af þessu hefði gerst hefðu 70% af auðlindarentunni gengið til hins opinbera allt frá árinu 2001. Kvótaverðið hefði aldrei farið upp fyrir 1.200 krónur á þorskígildið. Það hefði vissulega dregið úr svigrúmi þáverandi útgerðarmanna til kaupa á bílaumboðum og einkaþyrlum, en það hefði jafnframt dregið úr skuldsetningu þeirra útgerðarfyrirtækja sem eftir sátu í útgerð. Líklega hefðu útgerðarfyrirtækin þá reynt að greiða niður skuldir í stað þess að safna skuldum. Ég geri ráð fyrir því að viðbrögð útgerðarinnar við gjaldtöku hefðu verið að lækka skuldir örlítið árlega mælt í erlendri mynt allt frá árinu 2000. Sé þeirri reglu beitt má álykta að skuldir útgerðarinnar árið 2010 væru aðeins tíundi hluti þess sem raunverulega varð hefði gjaldtaka hafist árið 2001!

**Þróun eiginfjár með og án gjaldtöku frá 2001**




Eiginfé útgerðarfyrirtækjanna er munur heildareigna og heildarskulda. Eiginfjárstaðan ræður mestu um lífsgetu fyrirtækjanna. Þróun eiginfjár eftir því hvort um gjaldtöku er að ræða eða ekki, er afar forvitnileg og er sýnd á mynd 1. Mynd 1 ber með sér að eiginfé útgerðarinnar eftir hrun hefði verið svipað og það er þó gjaldtaka hefði hafist árið 2001! Þessi staðreynd rímar illa við inntak þeirra auglýsinga sem nú dynja á landsmönnum! Þetta rímar líka illa við margauglýstar niðurstöður banka útgerðarfyrirtækjanna og endurskoðenda þeirra og vekur spurningar um þær forsendur sem þessir aðilar leggja til grundvallar mati sínu.

Þess má geta að vaxtagreiðslur útgerðarinnar árið 2010 námu svipuðum upphæðum og veiðigjald hefði numið hefði það verið komið á á þeim tíma. Álagning veiðigjalds er þannig öðrum þræði ákvörðun um að breyta samsetningu útgjalda útgerðarfyrirtækja: Í stað vaxtagreiðslna til fjármálafyrirtækja kemur greiðsla veiðigjalds. Sagt með öðrum orðum: Í stað þess að greiðslur útgerðarinnar upp á tugi milljarða árlega renni til lánveitenda þeirra (fjármagnseigenda) kemur um það bil jafnhá upphæð sem runnið hefði til íslensku þjóðarinnar. Þeim fjármunum hefði verið hægt að ráðstafa með margvíslegum hætti þó ekki sé hægt að láta hjá líða að benda á að forsvarsmenn byggðarlaga sem auglýsa með útgerðarmönnum kalla einnig eftir verulega auknum framlögum úr ríkissjóði til samgönguframkvæmda. Ætli yrði ekki auðveldara að verða við slíkum óskum ef ríkissjóður hefði viðbótartekjustofn sem jafngildir núverandi vaxtagreiðslum útgerðarfyrirtækjanna til ráðstöfunar?

Í auglýsingum útgerðarmanna koma fram bæði verkalýðsleiðtogar og starfsmenn útgerðarfyrirtækjanna og lýsa áhyggjum sínum af afdrifum fyrirtækjanna komi til fyrirhugaðrar gjaldtöku. Útreikingar þeir sem hér eru kynntir ættu að slá verulega á ótta þessara aðila um eigin hag. Eiginfjárstaða útgerðarinnar breytist eðlilega í kjölfar gjaldtöku, en ekki þarf að óttast kollsteypu. Verkalýðsforingjar og skipstjórar ættu því ekki að þurfa að missa svefn vegna ótta um afdrif útgerðarfyrirtækjanna þó þeim verði gert að greiða fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

# Til varnar heildrænum meðferðum

Heilbrigðismál

**Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir**
hómópati



Sif Sigmarsdóttir hallmælir „óhefðbundnum lækningum“ eða heildrænum meðferðum eins og ég kýs að kalla það í Bakþönkum 10. maí sl. Segir hún það m.a. vera iðnað sem græðir fúlgur fjár á komplexum, vanlíðan, örvæntingu og ótta fólks – eina dæmið sem hún nefnir er þó lúpínuseyði sem maður „bruggaði heima hjá sér og gaf“ af góðum hug einum saman. Ekki var hann að nýta sér varnarleysi fólks á viðkvæmum stundum og hafa það að féþúfu eins og Sif segir.

Sjálf lýsir hún því að hún hafi látið glepjast til að bera á sig andlitskrem til þess að bjarga útliti sínu og segist hefði makað sig kúamykju hefði L’Oreal sett hana í dós. Það væri þá hennar val eins og allra annarra sem leita á náðir heildrænna meðferða.

Sif hefur væntanlega gleymt því að hér áður fyrr notuðu formæður hennar keytu (hland) til hárþvotta. Það var á þeim tíma þeirra val og þótti gagnast vel.

Í bakþönkum sínum fullyrðir Sif að heildrænar meðferðir séu ekki aðeins gagnslausar heldur oft einnig skaðlegar. Þetta er rangt. Heildrænar meðferðir hafa margsannað gagnsemi sína og engin dæmi fundist um skaðsemi þeirra. Heimildarmynd um „óhefðbundnar lækningar“ í Ríkissjónvarpinu var þvert ofan í það sem Sif segir í grein sinni á mjög vísindalegum nótum og full ástæða til þess að RÚV sýndi hana. Það er nefnilega bara til góðs að kynna mál frá fleiri en einni hlið rétt eins og skoðanaskipti okkar Sifjar eru mismunandi málstað til framdráttar. Kjarni málsins er þó alltaf sá að fólk eigi val um heilsu sína eins og á öðrum sviðum lífsins.

NÝJA LANDNÁMIÐ

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 16. maí 2012 á Hótel Sögu, Kötlusal, kl. 8.15-10.
Á fundinum verður fjallað um áskoranir og tækifæri íslenskunnar á 21. öld. Fjallað verður um ISLEX, íslensk-skandinavíska veforðabók sem var opnuð í fyrra og hefur nú verið aðlöguð fyrir spjaldtölvur og síma. Sagt verður frá notendum Icelandic Online, örnefnasjá og máltækni. Litið verður inn um skráargat til fornbókmennta og hlustað á söngraddir af vaxhólkum.

**Lára Magnúsardóttir, formaður stjórnar**
*Ávarp*

**Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður**
*Starfsemi stofnunarinnar árið 2011*

**Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Háskóla Íslands**
*Máltækni og menningararfur*

**Gunnar Haukur Kristinsson, forstöðumaður sviðs mælinga og landupplýsinga hjá Landmælingum Íslands**
*Örnefnaskráning á vefnum*

**Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor**
*Vaxhólkar: Ný tækni fyrir 100 árum*

**Jón Karl Helgason, dósent við Háskóla Íslands**
*Wikisaga: Skráargat að fornbókmenntunum*

**Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt við Háskóla Íslands**
*IcelandicOnline: Lykillinn að nýjum málnotendum*

**Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri ISLEX**
*Landvinningar tungumálsins – margmálaorðabókin ISLEX*

**Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra**
*Ávarp*



**Skráning á** *www.árnastofnun.is*

skógarþröstur vindrossel rødvingetrost rödvingetrast óðinshani

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**FRÍSKANDI Í MORGUNSÁRIÐ**
**Grænn djús í morgunsárið gerir líkamanum ekkert nema gott. Setjið epli, engiferbút, spínatlúku, spergilkál og límónusafa í blandarann og maukið þar til blandan verður jöfn. Þetta má líka setja í safapressu en hafið í huga að við það tapast umtalsvert af trefjum.**



Eirberg
Raka- og lofthreinstæki
Betra loft – betri líðan
Verð: 29.850 kr.
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Fallegur og sumarlegur

Teg. 810857 - þunnur, veitir fínan stuðning í C, D skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

praxis
... þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.


Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lokað Laug.




**KOMA SÉR VEL** Ginger býður að sögn Nonna upp á vinsæla heilsupoka sem innihalda mat fyrir hálfan og heilan dag. MYND/VALLI

# HEILBRIGÐI ALLA DAGA

**GINGER KYNNIR** *Veitingastaðurinn Ginger hefur opnað nýjan stað í verslun 10-11 í Lágmúla.*

Hollir og næringarríkir réttir eru uppistaðan á matseðli veitingastaðarins Ginger en tæp tvö ár eru síðan staðurinn var opnaður. Nýlega opnaði Ginger nýjan stað í verslun 10-11 í Lágmúla en hann er meira í stíl við verslunina sjálfa að sögn Kristófers Jóns Hjaltalín, framkvæmdastjóra Ginger, sem jafnan gengur undir nafninu Nonni. „Hægt er að koma hér sjö daga vikunnar og grípa hollan og góðan mat til að taka með heim eða í vinnuna. Við leggjum mikla áherslu á ljúffengan mat sem er um leið hollur og næringarríkur.“

Nonni hefur starfað sem einkaþjálfari í mörg ár og ráðlagt fólki um mataræði. Sjálfur hefur hann keppt í fitness og er því meðvitaður um hollt mataræði. „Segja má að staðurinn hafi verið opnaður til að mæta eigin þörfum. Hann snýst um matargerð og lífsstíl sem ég hef tileinkað mér í mörg ár. Við leggjum áherslu á að viðskiptavinir okkar geti nálgast hollan og ljúffengan mat. Heilbrigði á við alla daga, ekki bara stöku sinnum.“

Fjölbreyttur matseðill Ginger inniheldur til dæmis vefjur, samlokur, kjúklingarétti og salöt. Öll brauð eru bökuð á staðnum en þau innihalda meðal annars haframjöl og hunang. „Vefjurnar okkar eru vinsælastar. Þar notum við mikið marineraðan kjúkling en uppskriftin að leginum er leynileg. Við tökum algengan mat, eins og samlokur og búum til holla útgáfu án þess þó að rétturinn verði þurr og leiðinlegur.“

Nonni segir viðskiptavinahópinn breiðan. Íþróttafólk hafi verslað mikið hjá honum í upphafi en nú sé hópurinn fjölbreyttari. „Við sjáum sífellt fleiri sem vilja smakka hollan og góðan mat og jafnvel gefa hefðbundnum skyndibita frí. Það fólk hefur ekki orðið fyrir vonbrigðum og mætir aftur og aftur.“

Ginger býður einnig upp á vinsæla heilsupoka. Þeir innihalda mat fyrir hálfan eða heilan dag. Um er að ræða morgunmat, hádegis- og kvöldmat auk millibita. „Heilsupokar okkar eru mjög heppileg lausn fyrir fólk sem er upptekið í vinnu eða á við þyngdarvanda að stríða. Við bjóðum einnig upp á heilsupoka fyrir fjallgöngur og veiðiferðir svo dæmi séu nefnd.“



**VINSÆLAST** Jalapeño-vefja með grilluðum kjúklingi, vinsælasti rétturinn okkar. MYND/VALLI


Lífrænt og bragðgott
CLIPPER
NATURAL, FAIR & DELICIOUS
Hin margverðlaunuðu CLIPPER te eru einstaklega ljúffeng, enda úr bestu hráefnum sem völ er á og það að auki á frábæru verði! Prófaðu CLIPPER næst þegar þú færð þér te – mikið og fjölbreytt úrval.

15% afsláttur

LIFANDI MARKAÐUR
www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700


15% AFSLÁTTUR
AF JÖKKUM OG YFIRHÖFNUM
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

SAFT
KOMDU FRAM VIÐ AÐRA Á NETINU EINS OG ÞÚ VILT LÁTA KOMA FRAM VIÐ ÞIG
Heimili og skóli
www.saft.is







**GOTT AÐ GRÍPA TIL** Steinunn segir vinsælustu kryddjurtirnar vera steinselju, kóríander, graslauk, tímían og oregano. MYND/PJETUR

# HOLL OG GÓÐ HEIMARÆKTUN

**FERSKT Í MATARGERÐINA** *Sífellt fleiri Íslendingar rækta kryddjurtir heima hjá sér enda hollur og góður kostur í matargerð.*

Heimaræktun kryddjurta hefur aukist mikið undanfarin ár. Eldhúsglugginn, svalir og garðurinn, allt er nýtt til ræktunar, og segir Steinunn Reynisdóttir, deildarstjóri garðyrkjudeildar Garðheima, vinsælustu kryddjurtirnar vera steinselju, kóríander, graslauk, tímían og oregano. „Basilíka er einnig mjög vinsæl en hana er ekki hægt að rækta utanhúss hérlendis. Ekki má gleyma myntunni en hana rækta margir og nýta í te, mauk og hressandi sumardrykki.“

Fyrrnefndar kryddjurtir eru frekar sólelskar plöntur að sögn Steinunnar. Þó ber að varast of sterka sól, til dæmis ef plöntur eru geymdar í glugga sem vísar í suður. „Of mikil sól fer ekki vel með kryddjurtir. Ef þær standa of lengi í sterkri sól geta þær breytt um lit. Þá er betra að hafa þær fyrir innan gluggann þannig að þær fái góða birtu.“ Einnig má auðveldlega planta kryddjurtum út í garð eða á svölum og palli fyrir þá sem eiga ekki garð. „Það er síðan ekkert því til fyrirstöðu að vera með nokkrar kryddjurtir í sama keri, til dæmis úti á svölum. Þannig er fljótlegt og þægilegt að grípa til þeirra yfir grillinu eða úr eldhúsinu.

Steinunn segir algengustu mistök við heimaræktun kryddjurta vera þau að rækta jurtir í lokuðu íláti þar sem vatnið nær ekki að leka frá. Best sé að nota potta sem séu opnir í botninn. „Það verður síðan að passa að drekkja ekki plöntunum í vatni. Sé vökvað of mikið hættir plantan að geta tekið við vatninu.“ Hún bendir ræktendum á að nota sáðmold í upphafi þegar fræjum er sáð. Ekki eigi að nota pottamold þar sem hún innihaldi of mikla næringu fyrir ungar rætur og geti brennt þær og eyðilagt. Þegar plantan er komin með þrjú til fjögur varanleg blöð er óhætt að umpotta yfir í hefðbundna pottamold.





**BASILÍKU** er ekki hægt að rækta utanhúss en hún er fín í eldhúsglugganum.



**TÍMÍAN** er vinsælt til heimaræktunar.

Kjólar fyrir öll tækifæri
Útskriftina, brúðkaupið eða vinnuna.
NÝ SENDING AF KJÓLUM Í ST. 36–48.
20% afsl. af öllum vörum


FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Vertu vinur

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is

MATARTÆKNANÁM

HEILSA OG MATUR

Matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum heilbrigðis- og menntastofnana eða í mötuneytum vinnustaða.

INNRITUN LÝKUR 10. JÚNÍ

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN


# BÚSLÓÐAFLUTNINGAR

ÞRIÐJUDAGUR **15. MAÍ 2012**

**Kynningarblað** HJÁLPLEGIR VEFIR, PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, SÖLURÁÐ..





Propack er 30 ára gamalt fyrirtæki í eigu Viðars Péturssonar og fjölskyldu. MYND/PJETUR

# Flutningar frá a-ö

**Propack - Pökkun & Flutningar sér um að pakka búslóðinni, annast farmbréf, tollafgreiðslu, flutning, tekur upp búslóðina á nýju heimili og kemur öllu fyrir eins og óskað er.**

Propack - Pökkun & Flutningar ehf., Smiðshöfða 1, sérhæfir sig í pökkun og frágangi á búslóðum/listaverkum og persónulegum munum til flutnings milli landa, landshluta eða innanbæjar. Fyrirtækið er rótgróið og hefur verið starfandi frá 1981.

Í megindráttum er þjónustan fólgin í heildarflutningi frá A-Ö; að pakka öllu inn, útbúa pökkunarlista, sjá um alla inn- og útflutningspappíra og skýrslur, senda og sækja vöruna. „Við leitum tilboða hjá öllum helstu flutningsfyrirtækjum, hérlendis og erlendis og fáum þannig ávallt hagstæðasta verðið fyrir kúnnann,“ segir Viðar Pétursson, framkvæmdastjóri og eigandi.

Vönduð vinnubrögð og skipulag skipta miklu máli og er hver hlutur merktur og færður inn á pökkunarlista sem hefur margþætta hlutverki að gegna; meðal annars fyrir tollyfirvöld, tryggingafélög og síðast en ekki síst eiganda búslóðarinnar.

Þegar flutt er þurfa leyfi og pappírar að vera tilbúin, annars er auðratað í vandræði. „Fólk hefur setið með búslóðina sína fasta á hafnarbakkanum vegna slakrar pappírsvinnu. Við vitum nákvæmlega hvaða leyfi og pappíra þarf til hverju sinni og hverja þarf að ræða við. Kúnninn á að geta treyst því að allt sé í öruggum höndum, hvar sem er í heiminum.“ Propack sér einnig um að taka upp búslóðina á nýju heimili og koma öllu fyrir eins og óskað er. Ef heimilið er ekki tilbúið býður fyrirtækið upp á búslóðageymslu í húsnæði með fullkomnu öryggis- og brunavarnakerfi. „Hjá okkur er öll þjónustan á einum stað. Fólk losnar við að þeytast um allan bæ, leita upplýsinga, leyfa og þjónustuaðila sem oft tekur mikinn tíma. Við skrúfum saman húsgögn og röðum upp stærri hlutum svo þetta er mjög mikill vinnu og tímasparnaður fyrir fólk sem getur þá sinnt sínum venjubundnu störfum og látið okkur um flutningana. Enda ættum við að þekkja þetta nokkuð vel eftir að hafa verið starfandi í rúm 30 ár.“ Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess: www.propack.is .



### SKRÁIÐ ALLT SEM FER Í GÁMINN

**Þegar flutt** er til útlanda þarf fólk að meta hvort það þurfi 20 eða 40 feta gám. Einnig er gott að kynna sér verð áður en hafist er handa við að pakka niður. Nauðsynlegt er að skrá allt sem fer í gáminn á þar til gerðan lista. Gangið vel frá búslóðinni í gámnum. Á heimasíðum skipafélaganna eru ýmsar upplýsingar fyrir þá sem eru að flytja úr landi.

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda



FLUTNINGAÞJÓNUSTAN.IS
5551100
SENDIBÍLAR-FLUTNINGAR-ÞJÓNUSTA
ALLT FRÁ SKUTLI TIL STÓRFLUTNINGA



Betra er að hafa fáa hluti í kringum sig þegar íbúðin er sett á sölu. MYND/GETTY

# Björt og hrein íbúð er betri í sölu

**Þegar eignir eru settar á sölu er margt sem þarf að athuga. Væntanlegir kaupendur líta vel í kringum sig og því er gott að huga að smáum atriðum sem stærri.**

Fyrst og fremst þarf íbúðin að vera hrein. Það er nauðsynlegt að taka vel til og þrífa út í hornin. Dökkir veggir gera íbúðina minni. Það kostar ekki mikla peninga að mála í ljósum litum. Nýmáluð björt íbúð getur flýtt fyrir sölu. Einnig er gott að fækka hlutum ef mikið dót er í íbúðinni. Fáir hlutir eru meira aðlaðandi fyrir ókunnuga gesti heldur en yfirhlaðin íbúð.

Setjið allan skófatnað í inngangi inn í skáp. Þá virðist forstofan bæði hreinni og stærri. Flestir leggja mikla áherslu á eldhús og baðherbergi þegar þeir skoða fasteign. Nauðsynlegt er að þessi tvö herbergi séu hrein og snyrtileg. Ef dimmt er úti er gott að kveikja á kertum, það gerir umhverfið notalegt. Sumir setja rósir í vasa til að gefa íbúðinni fallegan blæ og fá rósailm í loftið.

Stílistar segja að kaupendur falli frekar fyrir björtum íbúðum en þeim sem hafa dökkt yfirbragð. Dökk gluggatjöld gera til dæmis íbúðina skuggalega. Ljós gluggatjöld hleypa birtunni inn.

Þeir sem velta fyrir sér íbúðakaupum ættu að skoða hvort leik- og grunnskóli séu í nágrenninu. Sömuleiðis ætti fólk að huga að hversu langt er til vinnu þar sem bensínið er dýrt.

Þegar íbúðin er seld og tæmd er gott ráð fyrir þá sem hafa mikið að gera að fá hreingerningafyrirtæki til að þrífa íbúðina. Það er ekki mjög dýrt en losar eigandann við mikla vinnu. Það tekur mun styttri tíma fyrir fagfólkið að fara yfir alla fleti íbúðarinnar heldur en eigandann og það hefur réttu efnin og tækin.

## RÉTT HREYFING SKIPTIR MÁLI

Vinnueftirlitið gaf út bækling um líkamlegt álag við vinnu árið 2005 sem hægt er að nálgast á vef Vinnueftirlitsins. Þar kemur meðal annars fram að milli 60-90% fólks í Evrópu þjáist af bakverkjum einhvern tímann á ævinni af ýmsum ástæðum, og er ein þeirra flutningur á þungum hlutum. Í bæklingnum kemur fram að helstu álagsmeinin megi rekja til burðar of þungra og stórra hluta, samfellds álags án hvíldar, óheppilegra vinnustellinga, lélegs skipulags, óvæntra hreyfinga, lélegs líkamsástands ásamt fleiri þáttum.

### DREGIÐ ÚR ÁLAGI



Til að koma í veg fyrir slys er gott að hafa í huga að reyna að halda á byrðinni með báðum höndum. Ef haldið er með annarri hendi eykst álag á líkamann til muna og eykur þannig líkur á meiðslum og slysi.

### VEGALEND OG TÍMI

Því lengur sem haldið er á hlut eykst álagið. Mælt er með því að þyngri hlutir séu ekki bornir lengra en 20 metra í einu. Að bera upp og niður tröppur þýðir aukið álag og samsvarar ein trappa einum metra í flutningslengd, þá er gott að gera ráð fyrir hvíldarstöðum til að stoppa á ef um lengri vegalengdir er að ræða.

### FYRIRBYGGJANDI SKIPULAG

Mikilvægt er að skipulag vinnuferlisins sé gott og hugsað fyrir fram með tilliti til aðstæðna og þess hlutar sem flytja á. Ganga skal úr skugga um að ekkert óæskilegt sé í gangveg flutningsleiðar og burðarmenn séu meðvitaðir um óhjákvæmilegar hindranir, svo sem þröskulda, hál gólf, snúrur og fleira.



## HJÁLPLEGUR OG ÁHUGAVERÐUR VEFUR

**Margir Íslendingar** hafa flutt til Norðurlandanna í gegnum tíðina. Undanfarin ár hefur þeim fjölgað sem kjósa að flytjast til einhverra nágranna okkar í norðri. Vefsetrinu Norden.org er ætlað að aðstoða norræna borgara við að nýta sér þjónustu og tilboð sem norrænt samstarf býður. Þeir sem hafa hug á að flytja til einhverra Norðurlandanna ættu hiklaust að skoða vefinn því þar er að finna mikið magn upplýsinga um hvernig best er að bera sig að við hin ýmsu mál. Hægt er að finna þar aðstoð við eins ólíka hluti og að stofna bankareikning og að flytja inn gæludýrið sitt. Markmið vefsetursins er að veita innsýn í opinbert norrænt samstarf með því að upplýsa og útskýra hvernig samstarfið er skipulagt, vekja athygli á pólitískum áherslum og að gera markmið og árangur samstarfsins sýnileg. Vefsetrinu er einnig ætlað að veita upplýsingar um Norðurlöndin sem svæði og tengsl þeirra við aðra heimshluta. Upplýsingadeild Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar er útgefandi og ábyrgðaraðili vefsetursins Norden.org.

# Samskip bjóða persónulega þjónustu í búslóðaflutningum

**Allir sem einhvern tíma hafa flutt þekkja hversu mikið umstang vill fylgja flutningum. Þegar flutt er á milli landa eykst flækjustigið til muna, enda þarf að huga að ýmsum nýjum þáttum sem fæstir kunna skil á. Þar geta starfsmenn þjónustudeildar Samskipa aðstoðað og klæðskerasaumað lausn fyrir hvern og einn viðskiptavin.**

Við hjá Samskipum leggjum mikla áherslu á að veita persónulega þjónustu í takt við þarfir hvers og eins sem leitar til okkar vegna búslóðaflutninga," segir Einar Már Björnsson, talsmaður blúslóðaflutninga innan þjónustudeildar fyrirtækisins. Auk hans starfa við búslóðaflutninga þau Sigríður Alma Gunnsteinsdóttir og Magnús Rúnar Magnússon.

„Það eru í raun engir tveir flutningar eins þannig að nauðsynlegt er að laga þjónustuna að þörfum hvers og eins viðskiptavinar," heldur Einar Már áfram. „Við þurfum því að haga upplýsingagjöf okkar í samræmi við það því það er margt sem viðskiptavinurinn þarf að fá að vita áður en til flutningsins kemur. Margir halda að kostnaðurinn skipti öllu máli en það er margt annað sem spilar inn í. Auðvitað vilja allir fá sem lægst verð en skilmálar flutninganna eru einnig mjög mikilvægir sem og tryggingar. Sumt af því sem flutt er flokkast kannski heldur ekki sem búslóð, t.d. hvorki bílar eða bátar, og þá þarf að taka tillit til þess. Flutningum fylgir ýmis pappírsvinna sem er best komið í höndum fagfólks eins og hjá okkur," segir Einar.

Hann segir starfsmenn búslóðaflutninga boðna og búna til þess að svara fyrirspurnum um hvaðeina er lýtur að þjónustunni en vísar einnig á vefsíðu Samskipa, þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um flutning búslóða. „Þjónustufulltrúar Samskipa leita alltaf eftir því að veita sem besta þjónustu í takt við þarfir viðskiptavinarins," segir Einar Már.



Til þjónustu reiðubúin! Frá vinstri: Magnús Rúnar, Sigríður Alma og Einar Már.



## GÓÐUR FRÁGANGUR MIKILVÆGUR

**Þegar fólk** flytur á milli staða hvort sem er innanlands eða milli landa er nauðsynlegt að ganga þannig frá búslóðinni að ekki hljótist tjón af í flutningum. Góður frágangur skilar búslóðinni yfirleitt heilli á leiðarenda. Oft felast mikil verðmæti í innbúi fólks og því sniðugt að tryggja það sem hægt er að tryggja þó margir hlutir séu verðmætir fyrst og fremst tilfinningalega.

Tryggingafélög bjóða mörg hver upp á tryggingu sem tekur til tjóna sem verða í flutningi á búslóð. Áður en fólk flytur er því sniðugt að kanna málin hjá tryggingafélaginu, hvaða tryggingar séu í boði og fyrir hverju viðkomandi er tryggður. Nauðsynlegt er svo að tilkynna félaginu um flutningana áður en hafist er handa. Ef það er ekki gert er óvíst hvort innbúið sé tryggt.

Áður en einhvers konar flutningstrygging er keypt er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir verðmæti búslóðarinnar. Það auðveldar einnig þegar til uppgjörs kemur ef tjón verður.

Ef fólk lætur flutningsfyrirtæki eða sendibíla frá sendibílastöð sjá um flutninginn er búslóðin tryggð út á ábyrgðartryggingu bílsins. Ef búslóðin er flutt á eigin vegum þarf að tryggja hana sérstaklega. Einnig þarf að tryggja hana sérstaklega ef hún er flutt til dæmis í gámi á milli landshluta.



> Ertu að flytja yfir hafið?

**Alhliða þjónusta vegna búslóðaflutninga**

Á vef Samskipa www.samskip.is má finna gagnlegar upplýsingar um búslóðaflutninga til og frá Íslandi.

**Gott er að byrja á að:**

> Gera sér grein fyrir umfangi búslóðar – þarftu 20 feta gám, heilan 40 feta gám eða nokkur bretti?
> Kynna sér hvaða lög gilda um tollafgreiðslu í landinu sem flutt er til
> Fá skriflegt verðtilboð og aðrar upplýsingar
> Ganga frá nauðsynlegum pappírum
> Tryggja búslóðina
> Bóka flutning

Þjónustulipurt starfsfólk Samskipa og umboðsmenn um allan heim gera sitt besta svo flutningurinn verði sem þægilegastur.

www.samskip.is

SAMSKIP
Saman náum við árangri

ENNEMM / SÍA / NM39538

## FLEIRI BROTTFLUTTIR EN AÐFLUTTIR

**Brottfluttir íslenskir** ríkisborgarar voru 4.135 í fyrra, 2.156 karlar og 1.979 konur. Á sama tíma fluttu 2.824 íslenskir ríkisborgarar til landsins. Sambærilegur fjöldi flutti af landi brott árið 2010 eða 4.340.

Ef miðað er við árin fyrir hrun hefur brottflutningur íslenskra ríkisborgara aukist umtalsvert en árið 2006 fluttu 3.042 frá landinu og 2005 voru þeir 2.975. Árið 2009 kom mesti kippurinn en þá flutti 4.851 af landi brott.



Brottfluttir erlendir ríkisborgarar voru 2.847 í fyrra en aðfluttir 2.754. Til samanburðar voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 9.318 árið 2007.



Turnbyggingin þar sem ríkasti maður Indlands býr.

## DÝRASTA HEIMILI Í HEIMI

**Dýrasta heimili** í heimi er 27 hæða turnblokk í Mumbaí á Indlandi. Turninn er í eigu ríkasta manns Indlands og fjórða ríkasta manns í heimi, Mukesh Ambani. Hann býr í þessum merkilega turni ásamt konu sinni og þremur börnum.

Gólfflötur hússins er meiri en í Versalahöll. Starfsfólkið á heimilinu er um sex hundruð manns.

Þetta dýrasta íbúðarhús í heimi er metið á 630.000.000 breskra punda.

Byggingin er afar sérstök en eins og gefur að skilja er hún eingöngu búin lúxushúsgögnum og listaverkum. Í húsinu er líkamsræktarstöð, bíósalur, níu lyftur og bílastæðahús fyrir 160 bíla á sex hæðum. Á þakinu er lendingarpallur fyrir þyrlu. Herbergi og stofur eru óteljandi. Í húsinu en einnig að finna fallega garða á svölum. Fjölskyldan býr á efstu hæðunum með útsýni yfir borgina. Þá eru nokkrar gestaíbúðir í blokkinni.

Í þessari óvenjulegu byggingu er að sjálfsögðu stór sundlaug.

Mukesh Ambani er stærsti eigandi Reliance Industries Limited í Indlandi. Hann rekur meðal annars olíuhreinsunarstöð.

## SÝNIÐ KÆRKOMINN ÞAKKLÆTISVOTT

**Það tekur** verulega á að púla upp og niður stiga með blýþunga kassa og enn þyngri húsgögn. Gleymum því ekki að sýna bílstjórum flutningabílsins og öðrum hjálpfúsum höndum örlítinn þakklætisvott á eftir. Ískaldur öl, frískandi gosdrykkur, snakk, kleinur og annað hnossgæti fær alla til að brosa, léttir störfin og fær hjálparkokkana til að leggja enn meira á sig svo allt rati á réttan stað á nýju heimili. Þegar fjölskyldumeðlimir leggjast á eitt og hjálpa til við flutninga er sjálfsagt að halda matarveislu þegar allt er komið á sinn stað í íbúðinni. Með góðum mat er alltaf hægt að gleðja þá hjálpsömu.

Svo er gott að hafa í huga að bjóða fram hjálp sína næst þegar aðrir þurfa á að halda. Alltaf er ánægjulegt þegar fólk býður fram aðstoð sína án þess að vera beðið um það.






# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Stjörnunudd!**
Vöðva, slökunar, partanudd. Uppl. í síma 846 0202. Opið 10-18.

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**TILBOÐ**
**3 fyrir 2**
**Af hundafóðri.**

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



**Íslenskir Fjárhundahvolpar**
Gott verð. Til sölu 2 hvolpar,rakkar, fæddir 11. desember 2011. Ættbókarfærðir og örmerktir. Fallegir hvolpar undan Birtu og Stefsstells Hávar. Birta er afkomandi Galtanes Greifa og Hávar er sonur Eirar frá Keldnakoti, glæsileg marg verðlaunuð tík. Uppl. s. 864 5853 islenskirhvolpar.webstarts.com.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Flotnet, sökknet, netaslöngur. Gott verð. Heimavík S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu lúxus íbúð í 107 rvk, 2 hrb íbúð, 76 fm. auk bílastæði í bílageymslu. Langtímaleiga, ekkert dýrahald leyft. Uppl. í síma 893-9777

Til leigu 3 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 130 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

Til leigu 140 fm parhús í vesturbæ Kópav. Leiga 180 þ. mán. Bankatrygging eða tryggingar vixill með ábyrgðarmönnum skilyrði. Laus frá 1. júní. Uppl. 897 6350.

Til leigu er 2000m hektara jörð í Berufirði ásamt 240 fm íbúðarhúsnæði, útihúsum og fl. Uppl. 849 3384.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3. herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1.júní. Helst í 104 eða 105 (annað kemur til greina) Öruggar greiðslur. S. 773 5467/892 7990.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð, helst á svæði 101-103 -105 eða 108 Reglusemi og skilvísar greiðslur. Upplýsingar í síma 7737320.

100 fm atvinnuhúsnæði til leigu, á Lónsbraut Hafnarfirði. 100 Þ. mán. með rafm. og hita. Uppl. 899 2857.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Vantar að leigja bílskýli eða bílskúr undir antik bíl sem fyrst . Uppl. í s:412-1174 og 663-4562 Haukur.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smiðir**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 821 9661 eða 659 9661.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ung kona segir frá ævintýri og leikur sér í mjög persónulegri (!!) upptöku. Sögur Rauða Torgsins, 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8395

## Atvinna


# Leikskólinn Sóli

**Hjallastefnan auglýsir til umsóknar stöðu matreiðslumanns í leikskólanum Sóla í Vestmannaeyjum.**

Viðkomandi þarf að hafa tilskilda menntun og geta hafið störf **15. ágúst 2012.**

Umsóknir skal senda á netfangið starf@hjalli.is fyrir **mánudaginn 21. maí.**

*Hjallastefnan rekur 13 skóla, tíu leikskóla og þrjá grunnskóla, í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjavík, Borgarbyggð og á Akureyri.*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Viltu að ...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Frá 1957



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

# Faxafen

- Spennandi fjárfestingarkostur heildareignin - Betra bak húsið



Verslunar- lager- og skrifstofuhúsnæði, samtals 1743,3 fm. Húsnæðið er nánast allt í leigu. Gott auglýsingagildi. Góð bílastæði. Nánari upplýsingar um leigu og leigusamninga á skrifstofu Eignamiðlunar. **Ásett verð 221 milljónir.**


## Fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Miðbraut 6, Seltjarnarnesi

**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.00 -18.00**




Fallegt , vel skipulagt og frábærlega staðsett 138,0 fm. parhús á tveimur hæðum auk 26,9 fm. bílskúrs. Eignin skiptist m.a. í eldhús, samliggjandi stofur með útgangi á lóð til suðurs, fjögur herbergi. Húsið var þó nokkuð endurnýjað fyrir 20 árum síðan m.a. gler, raflagnir, opfanö og neysluvatnslagnir. Fallegt útsýni er til sjávar úr stofum og af lóð. Rúmgóðar og skjólsælar svalir til suðurs út af hjónaherbergi. **Verð 44,5 millj. Verið velkomin.**

## Unnarbraut 19- Seltjarnarnesi

**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.00-18.00**




320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi. Frá efri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. **Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 67,0 millj. Verið velkomin.**

## Kringlan 21 – endaraðhús

**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.30-18.00**




Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samligjgjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórri eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólgóð lóð með stórri verönd. **Verð 56,9 millj. Verið velkomin.**

## Bollagarðar 51 - Seltjarnarnesi




**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.00-18.00**

Fallegt og vel skipulagt 212,5 fm. raðhús, tvær hæðir og ris, að meðtöldum 20,4 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stofa/borðstofa með útgangi á verönd til suðvesturs. Rúmgott sjónvarpshol með útgangi á svalir til suðvesturs. Fjögur rúmgóð herbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergiHiti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. **Verð 54,0 millj. Verið velkomin.**

# 50% afsláttur af söluþóknun til aldraðra næstu vikurnar.



**Anton Karlsson**
**S: 771 8601**



**Þorbjörn Pálsson**
Löggiltur fasteignasali
**S: 898 1233**



**Markús G. Sveinbjarnarson**
**S: 897 1200**



**Gunnlaugur A. Björnsson**
**S: 617 5161**



**Erla Lúðvíksdóttir**
**S: 699 2119**



**Kári Þráinsson**
**S: 697 3547**

**Vegna mikillar sölu að undanförnu vantar okkur eignir til sölu.**
**50% afsláttur af söluþóknun til aldraðra næstu vikurnar.**

**Síðumúla 29**

ALLT FASTEIGNIR
www.alltfasteignir.is Fasteignasala & Leigumiðlun s.565-1233

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**121** **RÚSSNESKI RITHÖFUNDURINN MIKHAÍL BÚLGAKOV** (1891-1940) fæddist á þessum degi fyrir 121 ári.
*„Hvað myndi gæska þín gera ef engin illska fyrirfyndist og hvernig liti jörðin út ef allir skuggar gufuðu upp?“*

SAMTÖK HERNAÐARANDSTÆÐINGA: FAGNA AFMÆLI Á MORGUN

# FJÖRUTÍU ÁRA FRIÐARBARÁTTA

Samtök hernaðarandstæðinga (áður Samtök herstöðvaandstæðinga) halda upp á 40 ára afmæli sitt á morgun og ætla að gera sér glaðan dag í tilefni dagsins.

„Það verður partí,“ segir Stefán Pálsson, formaður miðnefndar SHA. Skipulögð hefur verið dagskrá í Iðnó annað kvöld þar sem tónlist verður í aðalhlutverki. Fram koma tónlistarmenn á borð við Heiðu Eiríksdóttur, Svavar Knút, Einar Má og Blágresi, Jöru og Bjartmar Guðlaugsson.

„Tónlist hefur ávallt skipað stóran sess í starfi félagsins,“ segir Stefán. „Á áttunda áratugnum var sjálfsagt ekki til það söngvaskáld sem ekki ljáði málstaðnum lið og samdi lag um yfirvofandi kjarnorkuvá. Ég verð illa svikinn ef enginn af tónlistarmönnunum sem koma fram í Iðnó í kvöld spreyta sig ekki á slíkum slagara.“

Samtök hernaðarandstæðinga rekja upphaf sitt til fundar í Glæsibæ þann 16. maí 1972. Hugmyndin að stofnuninni kviknaði nokkrum dögum fyrr í erfisdrykkju skáldsins og baráttumannsins Jóhannesar úr Kötlum og var hinum nýju samtökum öðrum þræði ætlað að heiðra minningu hans.

Fjórum áratugum síðar, einu köldu stríði, brottför herliðs og tveimur nafnbreytingum, lifa samtökin enn góðu lífi og beita sér í ýmsum málum, til dæmis gegn stríðsrekstri víða um lönd, vígvæðingu og hernaðarumsvifum.

Stefán segir áherslur í félagsstarfinu hafa breyst í takt við tímann. „Þetta hefur ávallt verið alhliða friðarbarátta en lengi vel var áherslan á veru hersins hér á landi því hann hann var skýrasta og áþreifanlegasta birtingarmyndin, meðan NATO var bara bandalag sem hafði ekkert tekið þátt í hernaðarátökum. Eftir að kalda stríðinu lauk breyttist áherslan og fór meira yfir á NATO-aðildina, enda fóru Íslendingar að taka beinan þátt í hernaðarátökum í gegnum hana. Brottför hersins var því ekki sérstakur vendipunktur í starfi samtakanna, enda mátti vera ljóst nokkuð lengi í hvað stefndi.“

Stefán segir að undir lok tíunda áratugarins hafi ýmsir orðið til að spá fyrir um endalok friðarhreyfinganna. Þær hafi hins vegar gengið í endurnýjun lífdaga á fyrsta áratug 21. aldar, ekki síst í kjölfar Íraksstríðsins, og eru Samtök hernaðarandstæðinga engin undantekning.

„Það er að minnsta kosti meira líf í okkur en okkar sögulegu andstæðingum, Varðbergi og Samtökum um vestræna samvinnu.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



**STEFÁN PÁLSSON** Segir endalok kalda stríðsins hafa haft mun meiri áhrif á starf Samtaka herstöðvaandstæðinga (síðar hernaðarandstæðinga) en brottför Bandaríkjahers árið 2006.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

✝



Hjartanlegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**AUÐAR JÓNSDÓTTUR**
**Akurgerði 30, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11-E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Sigurjón Marinósson**
**Elín María Sigurjónsdóttir** **Eyþór Kolbeinsson**
**Marinó Freyr Sigurjónsson** **Irene Emily Wilkinson**
**Ásgeir Eyþórsson** **Birkir Eyþórsson**
**Auður Eyþórsdóttir** **Sigurjón Ernir Eyþórsson**
**Ari Khuzani Marinósson**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ÞÓRUNNAR NÖNNU RAGNARSDÓTTUR**
**frá Vogi við Raufarhöfn.**

Sérstakar þakkir sendum við Óskari Þór Jóhannssyni lækni og starfsfólki krabbameinsdeildar LSH.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Jóhann Hólmgrímsson**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**DAGBJARTAR JÓNSDÓTTUR**
**Nesvöllum, áður Sýrfelli, Bergi, Keflavík,**
sem lést mánudaginn 23. apríl.

**Ólafur Jón Guðmundsson** **Halla Jóna Guðmundsdóttir**
**Sveinbjörn Gunnar Guðmundsson** **Hildur Jóhannsdóttir**
**Aðalsteinn Kristján Guðmundsson** **Auður Helga Jónatansdóttir**
**Brynjólfur Stefán Guðmundsson** **Elín Rut Ólafsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Sverrir Gísli Hauksson**
**Guðmundur Ásgeir Guðmundsson** **Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir**
**Dagbjartur Helgi Guðmundsson** **Tatjana Latinovic**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og systir,

**INGIBJÖRG S. SIGURÐARDÓTTIR**
**Sléttahrauni 34, Hafnarfirði,**

lést á Borgarspítalanum miðvikudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Þorsteinn Sveinbjörnsson** **Gerður Einarsdóttir**
**Guðrún Margrét Guðmundsdóttir**
**Sigurður Sveinbjörnsson** **Guðbjörg Björnsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Hlíðarvegi 62a, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 7. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 16. maí kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

**Hugo Rasmus** **María Játvarðardóttir**
**Tómas Rasmus** **Hlíf Erlingsdóttir**
**Steinunn Rasmus** **Jón Árni Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför,

**SIGURÐAR ÓSKARS PÁLSSONAR**
**frá Borgarfirði eystra.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Dvalarheimilisins Hlíðar fyrir alúð og umhyggju síðustu misserin.

**Jónbjörg Sesselja Eyjólfsdóttir**
**Þuríður Sigurðardóttir** **Víkingur Daníelsson**
**Anna Sigurðardóttir** **Guðmundur Eiríksson**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Friðjón Jóhannsson**
**Páll Sigurðsson** **Sigrún Bjarnadóttir**
**Sigþrúður Sigurðardóttir** **Þórarinn Ragnarsson**
**Hannes Sigurðsson** **Hildur R. Stefánsdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir** **Davíð Jens Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn og faðir,

**BRAGI ÞÓR JÓHANNSSON**
**Skagfirðingabraut 39,**

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, miðvikudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 19. maí kl. 11.00.

**Guðríður Vestmann**
**Guðný María Bragadóttir**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KJARTAN ÞÓR INGVARSSON**
Ásbraut 3, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans fimmtudaginn 10. maí. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 18. maí klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag nýrnasjúklinga.

**Bjarndís Helgadóttir**
**Helga Kjartansdóttir** **Ármann Snjólfsson**
**Yngvi Þór Kjartansson** **Vedrana Kjartansson**
**Héðinn Kjartansson** **Margrét Þráinsdóttir**
**Kolbrún G. Kjartansdóttir**
**Ingveldur M. Kjartansdóttir** **Kolbeinn Reginsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝




Minningarathöfn um systur okkar og mág,

**SVANDÍSI JÓNSDÓTTUR** **RAYMOND WITCH**

verður haldin í Kópavogskirkju fimmtudaginn 17. maí kl. 11.00.
Sama dag verður útför Svandísar í London.

**Ingimar G. Jónsson** **Ester Eyjólfsdóttir**
**Tómas Jónsson**

---

✝



Ástkær fósturmóðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SELMA BÖÐVARSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Hjallabraut 33,**

andaðist sunnudaginn 13. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Björgvinsdóttir**
**Guðný Björgvinsdóttir**
**Stefán Björgvinsson** **Hulda Karen Ólafsdóttir**
**Anna Nína Stefnisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BENEDIKT KARL BACHMANN**
**Kirkjuteigi 29, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Margrét Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Bachmann** **Rannveig Jónsdóttir**
**Hrefna Bachmann** **Ólafur Þór Vilhjálmsson**
**Gabríel Benedikt Bachmann**
**Bjartur Örn Bachmann**
**Auður Drauma Bachmann**
**Margrét Björk Ólafsdóttir**
**Sara Sigríður Ólafsdóttir**

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

42“
SJÓNVÖRP
FRÁ 99.990

iPOD/iPAD/
iPHONE
VÖGGUR MEÐ
ALLT AÐ 44%
AFSLÆTTI

PANASONIC
SJÓNVÖRP MEÐ
ALLT AÐ
200.000 KR
AFSLÆTTI

ANDROID
VÖGGUR
MEÐ ALLT
AÐ 33%
AFSLÆTTI

JABRA BLUETOOTH
HEYRNARTÓL OG
HÁTALARAR
MEÐ ALLT AÐ
40% AFSLÆTTI

SKJÁVARPAR
MEÐ ALLT
AÐ 30%
AFSLÆTTI

PHILIPS
SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ
150.000 KR
AFSLÆTTI

OLYMPUS
MYNDAVÉLAR
MEÐ ALLT AÐ
30.000KR
AFSLÆTTI

FRÁBÆR
TILBOÐ Á
HEIMABÍÓ-
KERFUM

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** úr hófi, **8.** þvottur, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** bit, **14.** enn lengur, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** eyrir, **20.** persónufornafn, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plan, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** óðagot, **7.** fáskiptinn, **10.** gras, **13.** útsæði, **15.** kvið, **16.** missir, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** golf, **6.** of, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT:** **1.** torg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** tap, **19.** ró.






# Abdul og útgerðin

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að dvelja í Þýskalandi í rúma viku. Þar fékk ég lærða fyrirlestra um umhverfismál og hvernig væri hægt að koma í veg fyrir að jörðin yrði allt að því óbyggileg. Vissulega var ekki allt í þessum dramatíska stíl, sorpflokkun, vel einangruð hús og góð gluggahönnun til að spara rafmagnsljós komu einnig við sögu. Félaga okkar frá Maldíveyjum fannst hins vegar málið ansi brýnt; enda verða eyjarnar óbyggilegar innan ekki of langs tíma ef ekki tekst að draga úr hlýnun jarðar.

**HEIM** kominn skellti ég mér í íslensku umræðuna. Af hverju hafði ég nú misst dveljandi í landi þýðverskra? Jú, svo virðist sem Abdul Mohamed Matheen, Maldívingurinn knái, eigi marga þjáningarbræður hér heima. Raunar svo marga að landhreinsun virðist líkleg á stórum hlutum, svo helst má líkja við hugmyndir um flutninga íslensku þjóðarinnar á jóskar heiðar. Ríkisstjórn Íslands er nefnilega í krossferð gegn öllum þeim sem hafa einhverjar tekjur af einhverju því sem tengist fiski, svo segja mér auglýsingar allavega.

**STJÓRNINNI** virðist þannig umhugað um að þurrka út byggð víða um land og sérstaklega virðist henni uppsigað við sjómannsfjölskyldur. Ljóst er að Mannréttindadómstóll Evrópu mun hafa mikið að gera í framtíðinni, verði fiskveiðifrumvörp stjórnarinnar að veruleika. Trauðla eru til merki um jafn umfangsmikil mannréttindabrot og virðast í uppsiglingu, ef marka má auglýsingar útgerðarmanna.

**ÞÁ** virðist ráðherra sjávarútvegsmála, sem á lögheimili á Langanesi, vera umfram um að níðast á landsbyggðinni. Hann hefur skipað sér í hóp hins ógurlega Reykjavíkurvalds sem virðist eiga sér þá ósk heitasta að nærast á landsbyggðinni og því sem þar blómstrar.

**ÓNEITANLEGA** var sérkennilegt að koma aftur í þessa umræðu, en kannski var bjartsýni að búast við öðru. Þegar kemur að því að tala fyrir málstað sínum hafa staðreyndir aldrei þvælst fyrir Íslendingum. Íslendingum lætur vel að koma sér fyrir í tveimur kappliðum, horfa á fulltrúa sinn glíma við andstæðinginn og vona að klofbragð felli hann að lokum. Jafnglími er skömm.

**EN** eins og samkomuleg þjóða heimsins þarf til að Abdul félagi minn geti notið heimilis síns og boðið börnum sínum upp á slíkt hið sama, þarf samkomulag til að við getum notið þess sem land vort býður okkur að búa við. Er ekki til einhver skynsamlegri leið að því samkomulagi en brigsl um persónulegar árásir í fjölmiðlum?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.

# Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

*Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.*




**Fáðu flottari bíl**
**295.000 kr. vortilboð**
Fáðu meira fyrir minna

## Lífið er gott tilboð

**Upphitanleg framrúða!**
Hefurðu heyrt talað um upphitanlega framrúðu - alla rúðuna?

**Fáðu flottari bíl**
**295.000 kr. vortilboð**
Nýttu þér vortilboðið í dag. Þú færð meiri gæði fyrir sama pening. Þú færð aukalega upphitanlega framrúðu, bakkskynjara aftan, langboga á þakið, aurhlífar og fleiri flottheit að verðmæti 295.000 kr. Komdu í dag.
**Fáðu meira fyrir minna**

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja

Koltvísýringur CO2: 159 g/km
Eldsneyti: frá 5,1 l/100 km í langkeyrslu
2,0 TDCi dísil 140 hestöfl beinskiptur
**Ford Kuga Titanium S AWD sportjeppi**
**Vortilboðið 5.390.000 kr.**
Mánaðargreiðsla 48.584 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,82%

Komdu í kaffi
**Komdu í Brimborg í dag**
**Ilmandi vortilboð**
Opið milli 9 - 17

Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár

## Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 9 - 17*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**

*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

Kauptu Titanium S AWD beinskiptan eða sjálfskiptan með dísilvél

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

** Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 2.500.000 kr. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu. Tilboðið gildir í maí 2012.*



**SNORRI OG ÁSGEIR Á KEXI** Tónlistarmennirnir Snorri Helgason og Ásgeir Trausti leiða saman hesta sína í Gym og Tónik salnum á Kex Hosteli við Skúlagötu á uppstigningardag, 17. maí. Húsið opnar klukkan 20.30 og tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21. Miðasala verður einungis við dyrnar en miðaverð er 1.500 krónur.

# Messías í Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju flytur Messías eftir Händel í Langholtskirkju næstkomandi sunnudag. Kammersveit Langholtskirkju leikur, konsertmeistari er Ari Þór Vilhjálmsson og stjórnandi Jón Stefánsson. Einsöngvarar eru allir úr röðum kórfélaga en sú hefur verið stefna kórsins frá árinu 2008 þegar fækkað var í kórnum og kröfur um kunnáttu stórhertar.

Þetta er í 24 skipti sem kórinn syngur Messías á tónleikum frá árinu 1981. Messías er eitt mesta kórverk tónbókmenntanna og sennilega er ekkert verk flutt jafn oft. Händel samdi það á þremur vikum árið 1741 og haft var eftir honum að þegar hann lauk við Hallelújakórinn hafi hann verið yfirkominn af geðshræringu.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta.



**KÓR LANGHOLTSKIRKJU** Flytur Messías í 24. sinn næsta sunnudag.

LÆKNASETRIÐ
LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
Hjartamiðstöðin

## Hefur þú fengið kransæðastíflu?

**Óskað er eftir sjálfboðaliðum, einstaklingum sem fengið hafa kransæðastíflu, til þátttöku í klínískri lyfjarannsókn á fyrirbyggjandi meðferð gegn hjarta- og æðaáföllum.**

Megintilgangur rannsóknarinnar er að meta hvort rannsóknarlyfið canakinumab hafi betri verkun en lyfleysa til að draga úr hjarta- og æðatengdum áföllum, eða nýmyndun á sykursýki af tegund 2, hjá sjúklingum sem hafa fengið kransæðastíflu, eru í stöðugu ástandi en með hækkað hsCRP.

Aðalrannsakendur eru Axel F. Sigurðsson, Karl K. Andersen og Torfi F. Jónasson, allir sérfræðingar í lyf- og hjartalækningum. Rannsóknin verður framkvæmd á eftirfarandi stöðum:

- Hjartamiðstöðinni, Holtasmára 1, 201 Kópavogi
- Landspítala háskólasjúkrahúsi við Hringbraut, 101 Reykjavík
- Læknasetrinu Þönglabakka 1 og 6, 109 Reykjavík

Um 17.200 einstaklingar munu taka þátt í rannsókninni víðs vegar um heiminn, þar af allt að 300 hér á landi. Þátttaka varir að hámarki í 6 ár.

**Hvað felur rannsóknin í sér?**

Rannsóknin er slembiröðuð samanburðarrannsókn við lyfleysu. Það þýðir að þátttakendur fá annað hvort rannsóknarlyfið canakinumab eða lyfleysu. Lyfleysa er notuð í klínískum rannsóknum til að koma í veg fyrir að tilviljun eða væntingar hafi áhrif á niðurstöður. Líkurnar á að þátttakandi fái rannsóknarlyfið eru 3 af 4 og líkurnar á að fá lyfleysu eru 1 af 4.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er hægt að tryggja að þátttakendur fái langvarandi bata af meðferð með rannsóknarlyfinu.

Ekki verður greitt fyrir þátttöku en læknisskoðun, rannsóknir og eftirlit verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

**Frekari upplýsingar**

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðinga rannsóknarinnar á eftirfarandi rannsóknarsetrum milli kl. 8.30 og 16.00

- Hjartamiðstöðin í síma 550 3040
- Landspítali-háskólasjúkrahús í síma 825 3581

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa ekki skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar.



**PELLE HEVNEGAARD** Hevnegaard hlaut mikið lof fyrir túlkun sína á Pelle sigurvegara í mynd Bille August.

# Framhaldsmynd um Pelle sigurvegara

**Danski kvikmyndaleikstjórinn Per Fly hyggst gera framhald myndarinnar um Pelle sigurvegara.**

Kvikmyndin um Pelle sigurvegara, sem óx upp í sárri fátækt á Borgundarhólmi, var frumsýnd fyrir 25 árum. Myndin færði á sínum tíma leikstjóranum, Bille August, bæði Gullpálmann í Cannes 1988 og Óskarinn fyrir bestu erlendu myndina 1989.

Danski kvikmyndaleikstjórinn Per Fly hyggst nú gera framhald myndarinnar en Fly er þekktastur fyrir myndir sínar Bænken, Arven og Drabet sem mynda nokkurs konar þríleik.

Mynd Bille August byggðist á fyrsta bindi samnefndrar skáldsögu eftir Martin Andersen Nexø en sagan telst meðal sígildra danskra skáldverka.

Per Fly, kvikmyndaframleiðandinn Meta Louise Foldager og Kenneth Plummer, fyrrverandi útvarpsstjóri hjá DR, vinna nú að því að tryggja sér kvikmyndaréttinn að síðari bindunum þremur. Handrit myndarinnar verður í höndum Svíans Peter Birro.

Enn er ekki afráðið hversu mörg af síðari bindum sögunnar verða lögð til grundvallar í myndinni en aðstandendurnir segja að um sé að ræða stórmynd um Pelle þegar hann kemur til Kaupmannahafnar og baráttu verkamanna fyrir réttindum sínum.

Myndin hefur þegar fengið handritsstyrk frá dönsku kvikmyndamiðstöðinni upp á 100.000 danskar krónur og DR mun einnig þegar hafa látið í ljós áhuga á að styðja verkefnið. Enn er þó alveg óljóst hvenær myndin verður frumsýnd.

# Suður yfir sæinn

Kór Laugarneskirkju heldur tónleika í Laugarneskirkju við Kirkjuteig á miðvikudag undir yfirskriftinni: Sunnan yfir sæinn ...

Efnisskráin er fjölbreytt og spannar allt frá gömlum þjóðlögum til nýlegra íslenskra dægurlaga og djasslaga, auk tónlistar úr kirkjum og kvikmyndum.

Stjórnandi er Gunnar Gunnarsson organisti, sem einnig annast píanóundirleik með aðstoð strengja- og málmblásturshljóðfæraleikara. Gunnar hefur útsett fjölda laganna sjálfur.

Kór Laugarneskirkju er skipaður áhugafólki í bland við menntað tónlistarfólk og hefur undir stjórn Gunnars getið sér gott orð fyrir vandaðan og hljómþýðan flutning á fjölbreyttri tónlist við kirkjulegar athafnir og á tónleikum. Einsöngvari á tónleikunum er Ragnheiður Sara Grímsdóttir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.



**GUNNAR GUNNARSSON** Stjórnar kór Laugarneskirkju og leikur undir á píanó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

## Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I**
Staðbundið nám, tvær annir.
Höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.
Fjarnám, þrjár annir.
Kennt í lotum.

**50+**
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**
Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Sales and Service Programme for foreigners** NÝTT
Nám á verslunarbraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.
Fjarnám, þrjár annir.
Kennt í lotum.

**Viðurkenndur bókari** NÝTT
Námið skiptist í þrjá hluta;
A) reikningshald, b) skattskil og upplýsingakerfi og c) raunhæft verkefni. Námið er ein önn og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til Viðurkennds bókara skv. 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is



# Forsölu lýkur í dag!

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

## 25.06 – 01.07

Athugið að forsölu lýkur 15. maí.
Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

**Verð í forsölu (til 15.maí 2012):**

| | |
|---|---|
| 2 x 10.000 kr. vikupassi fullorðinn | 20.000 kr. |
| 1 x 4.000 kr. vikupassi unglingur | 4.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 13.000 kr. |
| **Alls** | **37.000 kr.** |

**Verð eftir 15.maí:**

| | |
|---|---|
| 2 x 15.000 kr. vikupassi fullorðinn | 30.000 kr. |
| 1 x 5.000 kr. vikupassi unglingur | 5.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 15.000 kr. |
| **Alls** | **50.000 kr.** |

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ.
N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

## Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu.
Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

Landssamband Hestamannafélaga

Landsmót Hestamanna – National Horse Show of Iceland

**11 DAGAR** í aðalkeppni Eurovision

# SÍÐUSTU FIMM SIGURVEGARAR Í BAKÚ

**Sykursnúðurinn Alexander Rybak er á meðal þeirra sem skemmta í seinni undankeppni Eurovision í Baku.**



ALEXANDER RYBAK Norska sjarmatröllið sigraði á Eurovision árið 2009 og verður í hópnum sem kemur fram í Bakú 24. maí.

Sigurvegarar Eurovision síðastliðin fimm ár munu skemmta í seinni undankeppninni í Bakú 24. maí næstkomandi og hafa aðstandendur keppninnar lofað einu flottasta atriði í sögu hennar.

Marija Serifovic kom flestum á óvart og sigraði fyrir hönd Serba árið 2007 íklædd jakkafötum með laginu Molitva, sem var allt á serbnesku. Ári seinna var það Rússinn Dima Bilan sem mætti berfættur á svið og söng lagið Believe af mikilli innlifun. Með honum var hárprúður fiðluleikari og enn hárprúðari skautadansari sem dansaði tjáningarfullan skautadans á sviðinu. Alexander Rybak kom fáum á óvart þegar hann bræddi Evrópu fyrir hönd Noregs árið 2009 með sínu krúttlega brosi. Hann setti nýtt stigamet með fiðluna sína að vopni og ekki spillti fyrir honum að hafa þrjá axlabandaklædda dansara skoppandi í kringum sig. 2010 var það krúttlega söngkonan Lena Mayer-Landrut sem sigraði fyrir hönd Þýskalands með lagi sínu Satellite. Flestir muna svo eftir því þegar Ell og Nikki mættu til leiks fyrir hönd Aserbaídsjan í fyrra, með vindvélina með í för og unnu með rómantíska laginu Running scared.

Undirbúningur fyrir stóru kvöldin þrjú er nú á lokastigi, enda ekki seinna vænna þar sem æfingar hefjast á sunnudaginn kemur. - trs

# Byggir fyrir fátæka



VILL BYGGJA George Lucas er hættur við að byggja kvikmyndaver og ætlar að reisa íbúðir fyrir efnalitlar fjölskyldur á landi sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikstjórinn George Lucas hyggst byggja íbúðir fyrir efnalítið fólk á landskika sínum í Marin County í San Francisco. Marin County er heimili margra auðmanna.

Samkvæmt San Francisco Chronicle hefur Lucas lengi barist fyrir því að fá að byggja kvikmyndaver á landinu en nágrannar hans hafa ekki kært sig um slíkar framkvæmdir í nágrenninu. Teikningar af kvikmyndaverinu sýna að þar yrði einnig að finna dagheimili fyrir börn starfsmanna, veitingastað, líkamsræktarstöð og bílastæðahús fyrir allt að tvö hundruð bifreiðar. Eftir 25 ára baráttu hefur Lucas loks gefið framkvæmdirnar upp á bátinn og í stað þess munu rísa íbúðir fyrir efnaminni fjölskyldur.



PENÉLOPE CRUZ Fórnar aldrei heilbrigðinu fyrir kvikmyndahlutverk.

# Hamingjusöm í París

**Will Smith og eiginkona hans, Jada Pinkett Smith, nutu lífsins saman í París um helgina. Hjónin voru stödd í borginni til að kynna kvikmyndina Men in Black 3 sem Smith leikur í.**

**Hjónin hafa ekki verið mynduð saman á rauða dreglinum í yfir ár og í lok síðasta árs fór af stað þrálátur orðrómur um yfirvofandi skilnað þeirra hjóna. Smith vísaði á sínum tíma öllum slíkum sögum aftur til föðurhúsanna og sagði hjónaband sitt vera traust og hamingjuríkt.**

**Men in Black 3 verður frumsýnd hinn 25. maí og þar fara Smith og Tommy Lee Jones aftur með aðalhlutverkin.**



HAMINGJUSÖM Will Smith og Jada Pinkett Smith voru hamingjusöm í París um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heilbrigði númer eitt

**Penélope Cruz setur heilbrigðið í efsta sæti og tekur ekki í mál að missa kíló eða bæta á sig fyrir hlutverk.**

**„Ég myndi aldrei fórna heilbrigðinu fyrir eitthvert hlutverk. En mér er alveg sama hvort ég lít vel eða illa út. Mér hefur alltaf verið sama um það,“ sagði hin 38 ára leikkona við tímaritið Red. „Ég lék nýlega í mynd [Twice Born] þar sem ég lék konu á aldursbilinu 20 til 50 ára. Stundum þurfti ég að líta mjög vel út en stundum þurfti að bæta við hrukkum og gráu hári,“ sagði hún og hafði gaman af hlutverkinu.**


SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 - 10 - 10:50 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS VIP | KL. 5:40 - 8 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:30 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 10:30 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 7 - 10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 8 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 10:20 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 2D | 10 |
| IMPY'S WONDERLAND ÍSL TAL | KL. 5:30 | 2D | L |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 8 - 9 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:50 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 5.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LOCKOUT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 10.10 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 - 10 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 6 | 16 |
| THE RAID | KL. 6 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 5.40, 8 og 10 |
| THE RAID | 5.50 og 10 |
| THE AVENGERS 3D | 10.20 |
| LORAX 3D | 6 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




ÞRIÐJUDAGUR: CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 20:00

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

# Sparaðu fyrir þínum fyrstu íbúðarkaupum

Með reglubundnum sparnaði þar sem lagðar eru fyrir að lágmarki 10 þúsund krónur á mánuði í tvö ár fá þeir sem taka íbúðalán hjá Arion banka:

- 50% afslátt af lántökugjöldum
- Frítt greiðslumat
- Innflutningsgjöf, í formi gjafakorts

**Kynntu þér málið á www.arionbanki.is/ibudarsparnadur og reiknaðu dæmið út frá eigin forsendum.**

Arion banki



# sport

sport@frettabladid.is



**SIGURBERGUR SVEINSSON** skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Hauka en hann hefur dvalið í atvinnumennsku í Þýskalandi og Sviss síðustu tvö árin. Liðsstyrkurinn er mikill fyrir Hauka enda Sigurbergur öflug skytta sem hefur fengið dýrmæta reynslu með íslenska landsliðinu síðustu árin.

## Landsliðshópur Lagerbäck

**Íslenska liðið** mætir Frökkum 27. maí og Svíum þremur dögum síðar. Lars Lagerbäck valdi 24 leikmenn fyrir þessa tvo leiki en 4 eru ekki í fyrri leiknum.

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Ögmundur Kristinsson* | Fram |
| Stefán Logi Magnússon** | Lilleström |
| **Varnarmenn:** | |
| Hjálmar Jónsson | IFK Göteborg |
| Ragnar Sigurðsson | FCK |
| Sölvi Geir Ottesen | FCK |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | IFK Göteborg |
| Hallgrímur Jónasson | SönderjyskE |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | Bochum |
| Birkir Már Sævarsson** | Brann |
| Bjarni Ólafur Eiríksson** | Stabæk |
| **Miðjumenn:** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Kári Árnason | Aberdeen |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Wolves |
| Ari Freyr Skúlason | Sundsvall |
| **Sóknarmenn:** | |
| Birkir Bjarnason | Standard Liege |
| Kolbeinn Sigþórsson | Ajax |
| Alfreð Finnbogason | Helsingborg |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Swansea |
| Eyjólfur Héðinsson | SönderjyskE |
| Björn Bergmann Sigurðars.** | Lilleström |

*** er bara í hópnum gegn Frakklandi**
**** er bara í hópnum gegn Svíþjóð**

# Verðum miklu ofar eftir tvö ár

**Lars Lagerbäck valdi í gær 24 manna hóp fyrir vináttuleiki við Frakka og Svía. Hann ákvað að velja ekki Eið Smára í hópinn að þessu sinni en hefur hrifist mikið af Ara Frey Skúlasyni sem hann telur vera orðinn einn besta miðjumanninn í Svíþjóð. Hólmar Örn Eyjólfsson og Ögmundur Kristinsson eru nýliðarnir.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í fótbolta stendur í stórræðum í mánaðarlok þegar liðið mætir tveimur öflugum knattspyrnuþjóðum sem eiga það sameiginlegt að vera þá á fullu í lokaundirbúningi sínum fyrir EM í sumar. Þetta eru jafnframt fyrstu leikir íslenska liðsins undir stjórn Lars Lagerbäck þar sem hann hefur aðgengi að nánast öllum bestu knattspyrnumönnum þjóðarinnar. Lars Lagerbäck tilkynnti hópinn sinn í gær og hann er alveg óhræddur við að mæta stórþjóðum eins og Frakklandi og Svíþjóð og fagnar því að fá alvöru próf á mannskapinn.



**ÓHRÆDDUR VIÐ EM-ÞJÓÐIRNAR** Lars Lagerbäck er ánægður með að fá að prófa íslenska landsliðið á móti sterkum þjóðum sem eru á leiðinni á EM í sumar. Hér kynnir hann liðið ásamt aðstoðarmanni sínum Heimi Hallgrímssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Mjög mikilvægir leikir fram undan

„Þetta eru augljóslega mjög mikilvægir leikir eins og allir vináttulandsleikir. Þetta er tækifæri til að vinna með leikmönnunum og skipulegggja hvernig liðið spilar. Hver leikur er því mjög mikilvægur en síðan er alltaf hægt að ræða hver styrkleiki mótherjanna eigi að vera. Að mínu mati er best að prófa sig á móti mjög sterkum þjóðum og nú fáum við tækifæri til þess,“ sagði Lars Lagerbäck.

### Smá forföll í hópnum

Lars getur ekki alveg valið úr öllum bestu mönnunum. Grétar Rafn Steinsson og Skúli Jón Friðgeirsson eru báðir meiddir og þá verða þeir Emil Hallfreðsson, Arnór Smárason og Indriði Sigurðsson uppteknir með sínum liðum á sama tíma og leikirnir fara fram.

Norska deildin er í gangi á sama tíma og í fyrstu ætlaði Lars ekki að velja leikmenn sem spila í Noregi en þeir Stefán Logi Magnússon, Bjarni Ólafur Eiríksson, Birkir Már Sævarsson og Björn Bergmann Sigurðarson koma inn í hópinn fyrir leikinn við Svía. Lars valdi markvörðinn Ögmund Kristinsson í Frakkaleikinn til að kynnast landsliðsumhverfinu en auk Ögmundar er varnarmaðurinn Hólmar Örn Eyjólfsson nýliði í hópnum.

„Ég skil það vel að stuðningsmenn íslenska landsliðsins séu óánægðir með slaka stöðu Íslands á FIFA-listanum. FIFA-listinn fer ekki að skipta máli fyrr en eftir tvö ár þegar hann ræður styrkleikaröðun fyrir næstu undankeppni. Auðvitað á íslenska landsliðið að vera mun hærra en ég vona að allir sýni þessu smá þolinmæði og við getum farið að vinna leiki og mjaka okkur upp listann. Ég held að Ísland verði miklu hærra á FIFA-listanum eftir tvö ár.“

Lars taldi það rétt að velja ekki Eið Smára Guðjohnsen í hópinn þrátt fyrir að hann sé farinn að spila á ný með AEK Aþenu en ætlar að funda með Eiði í sumar.

Lars ræddi nokkra leikmenn á fundinum og þá sérstaklega þá Ara Frey Skúlason og Eyjólf Héðinsson sem hafa ekki verið fastamenn í landsliðinu undanfarin ár. Lars hefur það eftir góðum mönnum í Svíþjóð að Ari Freyr væri kominn í hóp bestu miðjumanna í sænsku deildinni og að menn hefðu líka verið að benda honum á Eyjólf Héðinsson. Lagerbäck sá Eyjólf síðan spila á dögunum og heillaðist það mikið af stráknum að hann valdi hann í liðið.

### Fagnar endurkomu Kolbeins

Lars fagnaði líka endurkomu Kolbeins sem hann hefur einungis talað við í síma. Hann er þó ekki viss um hversu mikið Kolbeinn getur spilað í þessum tveimur leikjum enda að stíga upp úr erfiðum meiðslum. Lars er líka spenntur fyrir að prófa hinn stórefnilega Björn Bergmann Sigurðarson sem kemur inn í hópinn fyrir Svíaleikinn.

### Auðvelt að velja fyrstu fimmtán

„Ég get ekki sagt að það hafi verið erfitt að velja hópinn að þessu sinni og ef ég segi alveg eins og er þá var það frekar auðvelt. Það er mín reynsla af landsliðum að það er alltaf mjög auðvelt að velja fimmtán fyrstu leikmennina og þá skiptir ekki máli hvort þú ert í Nígeríu, Svíþjóð eða á Íslandi. Það er hópur sem er örlítið betri en hinir. Það er erfiðast að velja í síðustu sætin því þá eru margir leikmenn svipaðir að getu,“ sagði Lars og bætti við:

„Þetta er ungt og reynslulítið landslið en þarna eru ungir leikmenn eins og Kolbeinn og Gylfi sem hafa mikla reynslu. Ég hef ekki valið eldri leikmenn eins og [Hermann] Hreiðarsson og [Heiðar] Helguson en þeir eru enn að spila. Ef þeir eru að spila vel og þessir strákar sem ég valdi núna eru ekki að standa sig eins vel og ég vonaði þá geta þeir komið inn í hópinn í haust. Ef við teljum að þeir séu betri en þessir strákar þá vel ég þá. Dyrnar eru alltaf opnar fyrir góða fótboltamenn svo framarlega sem þeir eru með íslensk vegabréf,“ sagði Lars.

**ooj@frettabladid.is**

Asaki VERKFÆRI
***** 5 stjörnu verkfæri MÚRBÚÐARVERÐ


ATH: Tvær rafhlöður, taska og hraðvirkt hleðslutæki fylgir hverri hleðsluvél!
Kletthálsi Reykjav.
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum
Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

SPORT besta sætið
pepsi deildin
Pepsi deildin í beinni, aðeins á Stöð 2 Sport!
KR-ÍBV
Í KVÖLD KL. 19.45
PEPSI MÖRKIN KL. 22:00
Eini þátturinn þar sem farið er yfir alla leiki, mörk og tilþrif með helstu knattspyrnufræðingum þjóðarinnar; allt í opinni dagskrá!
#BESTASÆTIÐ
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Keflvíkingar ósáttir við Kristin Jakobsson eftir tap fyrir Stjörnunni:

# Dómarinn eyðilagði leikinn

**FÓTBOLTI** Stjarnan vann sinn fyrsta sigur í vetur er þeir mættu Keflavík suður með sjó. Halldór Orri Björnsson skoraði eina mark leiksins úr umdeildri vítaspyrnu.

„Ég var mjög ánægður með strákana sem börðust allan tímann en því miður var einn maður sem eyðilagði leikinn fyrir okkur og það var dómarinn. Mér fannst hann vera mjög slakur. Hann gaf þeim víti og sleppti svo augljósu víti sem við áttum að fá er Hilmar Geir var tekinn niður,“ sagði Zoran Daníel Ljubicic, þjálfari Keflavíkur, en hann var mjög ósáttur við Kristin Jakobsson dómara.

Eina mark leiksins kom úr víti sem Kennie Chopart fiskaði. Skiptar skoðanir voru á vítaspyrnudóminum og Ómar Jóhannsson, markvörður Keflvíkinga, sagði að aldrei hefði átt að dæma víti. Kristinn dæmdi leik liðanna í fyrra og þá slapp Keflavík við að fá á sig dæmt augljóst víti við litla hrifningu Stjörnumanna.

„Mér fannst vera sett of mikil pressa á Kristin í fjölmiðlum út af því sem gerðist í fyrra og það mátti greinilega ekki gerast aftur. Ég er ekki sáttur við Kidda og mér fannst hann líka gefa okkur of mjúk spjöld. Mér fannst halla verulega á okkur því miður.“

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var alls ekki sammála því að það hefði hallað á Keflvíkinga hjá Kristni dómara sem stóð sig vel að mati blaðamanns þó erfitt væri að meta vítaspyrnudóminn úr stúkunni.

„Mér fannst Keflvíkingarnir á köflum vera alveg á mörkunum hvað grófleika varðar. Þeir tuðuðu mikið og mótlætið fór svolítið í pirrurnar á þeim. Heilt yfir fannst mér þetta samt vel dæmdur leikur,“ sagði Bjarni en hvað fannst honum um vítaspyrnudóminn?

„Markvörðurinn fer klárlega í hann og þetta er spurning um hvort hann hafi verið búinn að sparka boltanum og allt áður. Við fengum svona víti á okkur síðast og stundum segja menn að þetta jafni sig út yfir sumarið.“ **- hbg**



**ÞRJÚ STIG** Halldór Orri Björnsson skoraði sigurmark Stjörnumanna í gær úr vítaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KEFLAVÍK 0-1 STJARNAN**

*0-1 Halldór Orri Björnsson, víti (5.)*

Nettóvöllurinn, áhorf.: Um 700.

Dómari: Kristinn Jakobsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 4–10 (2–3) |
| Varin skot | Ómar 2 – Ingvar 2 |
| Horn | 4–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–13 |
| Rangstöður | 6–3 |

**Keflavík 4–3–3** Ómar Jóhannsson 6 – Grétar Atli Grétarsson 4 (79., Bojan Stefán Lubicic -), Haraldur Fr.Guðmundsson 6, Gregor Mohar 6 – Jóhann R. Benediktsson 5 – Einar Orri Einarsson 5, Frans Elvarsson 4, Arnór I. Traustason 6 – Hilmar G. Eiðsson 5 (79., Magnús Sv. Þorsteins. -), Jóhann B. Guðm. 6, Guðm. Steinarsson 5 (70., Sigurbergur Elíss. 5).

**Stjarnan 4–3–3** Ingvar Jónsson 7 – Jóhann Laxdal 6, – Baldvin Sturluson 6 (85., Sindri Sigurþ. -), Alexander Scholz 6, Hilmar Hilmarss. 6 – Atli Jóhannss. 6 (46., Gunnar Jónss. 6), Snorri P. Blöndal 5, Mads Laudrup 4 – ***Kennie Chopart 7** (62., Darri Konr. 5), Halldór O. Björnsson 7, Garðar Jóhannsson 6.





FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ALLT SPORTIÐ Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
vísir - oft á dag



> Stöð 2 Sport kl. 19.45

**KR - ÍBV**

***Bein útsending frá leik KR og ÍBV í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Leikir þessara liða hafa oftast verið mjög skemmtilegir og það má búast við fjörugum leik í kvöld. Klukkan 22.00 er síðan komið að Pepsi-mörkunum í ólæstri dagskrá þar sem farið verið yfir alla leiki umferðarinnar.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ER GÁTTAÐUR

# *Rosalegasti leikur allra tíma?*

**21. júní 1986**, Guadalajara í Mexíkó. Frakkar bera sigurorð af Brasilíumönnum í vítaspyrnukeppni í átta liða-úrslitum HM eftir „stórkostlegan knattspyrnuleik“ eins og meistari Bjarni Fel orðaði það svo eftirminnilega á sínum tíma. Hetjurnar Zico, Socrates og Platini misnota allar vítaspyrnur og heimurinn fyllist lotningu fyrir leiknum fallega.

**26. júní 1992**, Gautaborg í Svíþjóð. Vængbrotið lið Dana, sem tók sæti Júgóslavíu á EM aðeins þremur vikum fyrir keppni, vinnur steypustyrkta Þjóðverja 2-0 í úrslitaleiknum. Kim Vilfort, alþýðlegi miðjumaðurinn sem hjólaði á allar æfingar hjá Brøndby og fékk tvisvar að fara heim til Danmerkur til að vera hjá dóttur sinni sem þjáðist af hvítblæði meðan á mótinu stóð, skorar síðara markið og kórónar eitt fræknasta Öskubuskuævintýri knattspyrnusögunnar.



**25. maí 2005**, Istanbul í Tyrklandi. Liverpool, sem er 3-0 undir gegn ógnvænlega sterku liði AC Milan í hálfleik úrslitaleiks Meistaradeildarinnar, jafnar á fjarstæðukenndum sex mínútna kafla í síðari hálfleik og tryggir sér loks fimmta Evrópubikarinn eftir vítaspyrnukeppni.

Ofantaldir leikir buðu upp á magnþrungna spennu og léku á allan tilfinningaskalann, en enginn þeirra jafnast á við þann lygilega sjónleik sem við urðum vitni að á Etihad-vellinum í Manchester á sunnudag.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Undir yfirborðið: Núið og framtíð fjölmiðlunar **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.10 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Hið mikla Bé**
**18.17 Táknmálsfréttir**
**18.25 2012** (4:6) (Twenty Twelve) Leikin þáttaröð um fólkið sem skipuleggur Ólympíuleikana í London í sumar.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 EM stofa** (2:5)
**20.35 Í fyrsta sæti er ... - Söngkeppni framhaldsskólanna**
**21.05 Kalt kapphlaup** (2:4) (Kaldt kappløp) Norskur heimildamyndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Einkaspæjarinn** (4:6) (Case Histories) Bresk sakamálaþáttaröð byggð á sögum eftir Kate Atkinson um fyrrverandi hermanninn og lögguna Jackson Brodie sem gerist einkaspæjari í Edinborg. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (18:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Boat That Rocked**
**10.10 Rain man**
**12.20 Spy Next Door**
**14.00 The Boat That Rocked**
**16.10 Rain man**
**18.20 Spy Next Door**
**20.00 The Golden Compass**
**22.00 Aliens**
**00.15 Saw III**
**02.00 Frágiles**
**04.00 Aliens**
**06.00 Bjarnfreðarson**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (14:23)
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (64:175)
**10.15 Wonder Years** (23:23)
**10.45 The Middle** (13:24)
**11.10 Two and a Half Men** (16:22)
**11.35 Total Wipeout** (1:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (15:23) (16:23)
**15.15 Sjáðu**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (8:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (3:22)
**19.45 Arrested Development** (4:22)
**20.05 Two and a Half Men** (12:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (3:24) Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilega gamanþætti um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar.
**20.50 How I Met Your Mother** (6:24)
**21.15 White Collar** (11:16)
**22.00 Burn Notice** (18:20
**22.45 The Daily Show: Global Edition** (17:41)
**23.10 New Girl** (13:24)
**23.35 2 Broke Girls** (1:24)
**00.00 Grey's Anatomy** (21:24)
**00.45 Gossip Girl** (13:24)
**01.30 Pushing Daisies** (11:13)
**02.15 Entourage** (3:12)
**02.40 Breaking Bad** (3:13)
**03.25 Damages** (5:13)
**04.05 Damages** (6:13)
**04.50 Two and a Half Men** (12:24)
**05.15 How I Met Your Mother** (6:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.55 NBA: LA Clippers - Mempis**
**19.45 Pepsi: KR - ÍBV** BEINT
**22.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattpsyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
**23.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**23.40 Pepsi: KR - ÍBV**
**01.30 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattpsyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Sunnudagsmessan**
**08.20 Sunnudagsmessan**
**16.15 Swansea - Liverpool**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Man. City - QPR**
**20.50 Sunderland - Man. Utd.**
**22.40 Football League Show**
**23.10 WBA - Arsenal**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (113:175)
**20.15 Monk** (9:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (11:15)
**22.35 Game of Thrones** (7:10)
**23.30 Silent Witness** (3:12)
**00.15 Supernatural** (13:22)
**01.00 Twin Peaks** (19:22)
**01.50 Monk** (9:16)
**02.35 Íslenski listinn**
**03.00 Sjáðu**
**03.25 The Doctors** (113:175)
**04.05 Fréttir Stöðvar 2**
**04.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Málið** (8:8) (e)
**12.00 Málið** (8:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 Eldhús sannleikans** (1:10) (e)
**15.50 Life Unexpected** (2:13) (e)
**16.35 90210** (16:22) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got to Dance** (11:17) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (18:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement**(23:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (6:25) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (6:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbragðsgóðum árangri.
**21.00 The Good Wife** (16:22)
**21.50 Unforgettable** (4:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 In Plain Sight** (3:13) (e)
**00.10 Necessary Roughness** (6:12) (e)
**01.00 The Good Wife** (16:22) (e)
**01.50 Unforgettable** (4:22) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Players Championship 2012 (1:4) **12.00** Golfing World **12.50** The Players Championship 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (18:45) **19.45** Ryder Cup Official Film 1997 **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.15** Keeping Up Appearances **08.15** Dalziel and Pascoe **10.00** Deal or No Deal **10.35** EastEnders **11.05** Come Dine With Me **11.55** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.25** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.50** Little Britain **21.50** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.25** Little Britain **23.55** My Family **00.55** The Graham Norton Show **01.45** Little Britain **02.45** Live at the Apollo

## DR 1

**10.10** Horisont **10.35** DR1 Dokumentaren **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drømmehaver **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt 2012 **20.00** Kommissæren og havet **21.30** OBS **21.35** Optakt til det Europæiske Melodi Grand Prix 2012

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Fjellfolk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Program ikke fastsatt **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Når boblene brister **21.05** Kveldsnytt **21.20** Ari og Per **21.50** Livvaktene **22.40** Ei rituell verd **23.30** Dama til **00.00** Barn for enhver pris **00.55** Ari og Per **01.25** Bakrommet. Fotballmagasin **01.55** Bondeknolen **05.00** Morgennytt

## svt1

**11.35** Räddningen av Pelikan 895 **12.15** Högklackat **12.45** Eva går ombord **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** The Big C **15.00** Dom kallar oss skådisar **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Student 92 **18.50** Ta mig **19.00** Malmöpolisen **20.00** Dox **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Resident Evil. Apocalypse **23.10** Rapport **23.15** Djursjukhuset **23.45** Dokument inifrån

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





VitrA GÆÐI
Designed by Lovegrove
Vitra Mod 15.920,-
10.900,- Vitra Slope
5.590,-
S20 line 50 cm handlaug
verð án keramik hlífar
20.990,-
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
Minimax-S
blöndunartæki
8.990,-
Mikið úrval
4.990,-
2.190,-
1.490,-
AQUA 35cm
12.900,-
VitrA QUALITY
Sunrise
VitrA QUALITY
S20 line margar stærðir
NAPOLI
hitastýrt
sturtusett
26.900,-
S20 line
43 cm handlaug
margar stærðir
6.990,-
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10 -18, laugard. 11-16.

## SUMARFRÍIÐ



*„Ég fer í síðbúið sumarfrí með mínum heittelskaða til Alicante í október en annars fer sumarfríið mitt í að finna alls kyns skemmtileg ævintýri fyrir mig og dóttur mína í sumar svo við fáum ekki leið hvor á annarri á meðan leikskólinn er lokaður.“*

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og ritstjóri.

# Íslensk smokkalína slær í gegn

„Við komumst að því að í Frakklandi væri hægt að prenta myndir á lokin á smokkadollum og okkur datt í hug að það gæti verið gaman að hanna íslenska smokkalínu,“ segir Friðgerður Guðmundsdóttir vöruhönnuður, sem hannar smokkalínu ásamt samstarfskonu sinni Kristínu Birnu Bjarnadóttur.

Friðgerður og Kristín hönnuðu tvær smokkalínur sem bera nöfnin Explosive Nature og Icelandic Icebreaker og voru þær frumsýndar á Hönnunarmars nú í ár. Síðarnefnda línan er unnin í samstarfi við listamennina Hugleik Dagsson, Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og Mandý, sem skreyttu umbúðirnar með teikningum sínum.

„Við sýndum vörurnar á síðasta Hönnunarmars og þær vöktu mikla athygli gesta. Okkur þótti það gaman því smokkurinn virðist enn vera svolítið feimnismál í samfélaginu þó hann eigi að vera sjálfsagður hlutur í lífi okkar.“

Friðgerður og Kristín Birna reka saman fyrirtækið Gerist og árið 2010 var Reykjavíkurhandklæði þeirra valið besti minjagripurinn í hönnunarkeppni á vegum Reykjavíkurborgar og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Síðan þá hafa vinkonurnar haldið áfram að hanna óvenjulega en skemmtilega minjagripi, líkt og sápur sem líta út eins og heitir pottar og umrædda smokkalínu.

Hinir rammíslensku smokkar fást í minjagripaverslunum sem og í Bókabúð Máls og menningar og seljast gríðarlega vel að sögn Kristjáns Freys Halldórssonar, verslunarstjóra Máls og menningar. „Okkur fannst þetta sniðug vara og höfum verið með hana í sölu frá því snemma í vor. Smokkarnir hafa vakið mikla eftirtekt og selst mjög vel. Það eru helst erlendir ferðamenn sem kaupa þá en einnig Íslendingar sem finnst þetta skemmtileg tækifærisgjöf,“ segir hann. - sm



**GERIST** Friðgerður Guðmundsdóttir og Kristín Birna Bjarnadóttir hönnuðu smokkalínu sem hefur vakið nokkra athygli. Friðgerður og Kristín hanna saman undir nafninu Gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






**FRUMRAUN** Þorvaldur Davíð Kristjánsson sýnir hæfileika sína í leikritaskrifum er hann frumsýnir óperuna Raven´s Kiss í New York í kvöld en óperuna samdi hann í félagi við tónsmiðinn Evan Fein.

ÞORVALDUR DAVÍÐ: HÁDRAMATÍSK ÁSTARSAGA FRÁ VESTFJÖRÐUM

# FRUMSÝNIR ÓPERU ÚR EIGIN SMIÐJU Í NEW YORK

„Ferlið hefur verið einkar ánægjulegt en þetta er í fyrsta skipti sem ég tek þátt í að skrifa leikgerð,“ segir leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson en í kvöld verður frumsýnd óperan Raven´s Kiss í New York sem er samin af honum og félaga hans, tónsmiðnum Evan Fein.

Söguþráður óperunnar á rætur sínar að rekja til Vestfjarða en þangað héldu Þorvaldur og Fein í ógleymanlega ferð í vorfríinu árið 2009. Brjálað veður og dularfullt landslag heillaði Fein en félagarnir kynntust á skólavistinni í Juilliard-skólanum í New York. Þorvaldur var í leiklistarnámi og Fein er nú í doktorsnámi í tónsmíðum en verkið er hluti af lokaverkefni hans þar.

„Fein hefur alltaf verið mjög heillaður af íslenskri menningu og þjóðsögum. Ég bauð honum að koma með mér til Íslands þarna um árið þar sem við ferðuðumst um landið og skrifuðum handritið að óperunni. Það kallast „libretto“ og er einhvers konar blanda af ljóðlist og leikritaskrifum. Samvinnan er búin að vera skemmtileg og við erum gott teymi, þar sem hann semur tónlistina á meðan ég er vanari að meðhöndla leiktexta.“

Raven´s Kiss er ástarsaga um ungan strák sem verður ástfanginn af dularfullri konu. Tvö píanó og fimm söngvarar eru á sviðinu en flestir þeirra eru fyrrverandi nemendur úr raddlistardeild Juilliard. „Einfaldleikinn ræður för í þessari uppfærslu en þetta er hádramatískt — enda ópera. Við ákváðum að gera þetta einfalt núna en seinna meir væri hægt að bæta við kór og fleiri hljóðfærum.“

Óperan er að mestu flutt á ensku þó að hlutar hennar séu á íslensku. Félagarnir fengu styrk frá American Scandinavian Society til að vinna að verkinu sem er sýnt í húsakynnum þeirra í New York. Þorvaldur sjálfur kemst ekki á frumsýninguna en hann er búsettur í Los Angeles. „Tónsmiðurinn mætir fyrir okkar hönd á frumsýninguna en þeir hafa verið duglegir að auglýsa verkið í hinu skandinavíska samfélagi hérna úti svo við búumst við ansi góðri mætingu.“

Áhugasamair Íslendingar í New York geta nálgast frekari upplýsingar um sýninguna á vefsíðunni Timeout.com.

alfrun@frettabladid.is

# Górillan sest að í miðbænum

„Þetta verður svokallaður viðburðastaður fyrir alla,“ segir Magnús Ólafsson, rekstarstjóri Úrillu górillunnar, sem þessa dagana er að koma sér fyrir í Austurstræti 12, þar sem Hvíta perlan var áður til húsa.

Úrilla górillan verður viðbót við samnefndan sportbar á Stórhöfða en Magnús segir nýja staðinn þó ekki einungis ætla að leggja áherslu á íþróttir eða viðburði sem þeim tengjast. Það sé hins vegar óhjákvæmilegt, enda mikið íþróttasumar í vændum. „Við verðum með puttana á púlsinum í flestum íþróttaleikjum. Við erum með gott hljóðkerfi og svo er hér hægt að horfa á mismunandi leiki samtímis. Einnig ætlum við að gerum mikið úr Eurovision sem verður í næstu viku.“

Staðurinn er um 500 fermetrar á þremur hæðum. Á fyrstu tveimur hæðunum verður hægt að fylgjast með íþróttaleikjum og öðrum sjónvarpstengdum viðburðum. Efsta hæðin verður hins vegar með sérinngangi og á öðruvísi stemning að ríkja þar. „Við köllum það háskólabarinn þar sem verður svona „retró“ stemning. Þar verður billjardborð, gömul spil og Pacman-spilakassi. Við reynum að stíla inn á aðeins yngri hóp þar með hressandi tónlist.“

Húsnæðið er í hjarta bæjarins og segir Magnús að þeir ætli að nýta sér nálægðina við Austurvöll, sem lifnar við á sumrin. „Við verðum með gott rými fyrir utan og grillmatseðil. Einnig erum við með fjölbreyttan kokteilseðil sem er sérsniðinn fyrir stúlkurnar. Þó að við séum umkringdir alls kyns stöðum hérna held ég að við pössum vel inn í flóruna enda með eitthvað fyrir alla,“ segir Magnús sem er í óða önn að undirbúa opnun staðarins annað kvöld. - áp



**VIÐBURÐASTAÐUR** Magnús Ólafsson segir að engin lognmolla muni ríkja í kringum nýjan stað Úrillu górillunnar í Austurstræti sem verður opnaður annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58·12345
www.dominos.is

**Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.**




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**

PANTAÐU Á NETINU Í RÓ OG NÆÐI!

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bjarni fagnar útgáfu Váfugls í London



Skáldsaga **Halls Hallssonar**, Váfugl, hefur verið þýdd yfir á ensku. Bókin, sem fjallar um framtíð íslenskrar þjóðar sem hluta af Evrópusambandinu, kemur út í Bretlandi á vegum bókaútgáfunnar Bretwalda Books. Hún heitir Vulture's Lair upp á ensku og verður útgáfu hennar fagnað í London í dag. Útgáfuteitið verður haldið í sal í breska þinginu þar sem Hallur og Jón Kristinn Snæhólm munu kynna bókina. Þá verður **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, sérstakur heiðursgestur í útgáfuteitinu, ásamt breska þingmanninum Bill Cash.



### Tiny snýr aftur

Rapparinn **Tiny** sendir frá sér lagið 1.000 Eyes í dag. Tiny var áður í hljómsveitinni Quarashi, sem sneri óvænt aftur í fyrra og batt hnút á farsælan feril með tónleikum bæði á Bestu útihátíðinni og í Reykjavík ásamt því að gefa út ferilsplötu. Nú vinnur Tiny að fyrstu sólóplötunni og félagi hans úr Quarashi, Sölvi Blöndal, vinnur með honum nýja lagið. Þá syngur Þórunn Antonía í laginu, sem má finna á Tonlist.is.



**- þeb, afb**

## Mest lesið Vísir

1. Hátt í fimmtíu lík fundust á þjóðvegi
2. Órói í Kötlu olli smáhlaupi í Múlakvísl
3. Leita að hótelgesti sem stundar það að stinga af
4. Skemmtiferðaskip sigldi framhjá skipbrotsmönnum
5. Kartöflubændur komu í veg fyrir stórtjón








PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu" stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum



MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



BOAS
Lyftustóll
Verð
159.900
Til í ljósu og dökku leðri

VORTILBOÐ
Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. 239.900
2x90x200 tilboð kr. 249.900
2x100x200 tilboð kr. 269.900

PROFLEX



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. 479.900 á hjónarúmi
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum



BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta 179.900
Hægindastóll 89.900
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald




Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00